



Sígló Freeride-skiðakeppnin var haldin á Siglufirði í einmuna blíðu um helgina. Keppendur spreyttu sig á bröttum skiðaleiðum af fjallstoppum í Skarðsdal og voru stig gefin fyrir stíl á skiðum, stökk og brellur. MYND/JÓNAS STEFÁNSSON

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir frá Siglufirði er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Engin úrræði til að nálgast gögn Hvals

Fiskistofa telur sig ekki geta beitt neinum úrræðum til að krefja Hval hf. um gögn sem fyrirtækið hefði átt að vera löngu búíð að skila samkvæmt veiðileyfi sínu á langreyðum.

**HVALVEIÐAR** Fiskistofa hefur engin úrræði til að krefja Hval hf. um dagbækur hvalveiðiskipstjóra fyrirtækisins. Hvalur hf. á enn eftir að veita Fiskistofu aðgang að dagbókum skipstjóra við langreyðarveiðar frá árinu 2014 þrátt fyrir skýr fyrirmæli um það í leyfi fyrirtækisins fyrir veiðum á langreyðum.

Fréttablaðið sagði frá því fyrir skömmu að í veiðileyfum Hvals hf. hefði þessi nýjung verið sett inn árið

2014 fyrir veiðar á langreyði að skipstjórum bæri að halda dagbækur og fyrirtækinu væri skylt að senda afrit af þeim til Fiskistofu. Þannig gæti stofnunin haft betra eftirlit með veiðunum.

Fiskistofa hins vegar tók ekki eftir þessari breytingu á veiðileyfinu fyrr en í síðasta mánuði og hefur frá þeim tíma reynt að fá allt að fimm ára gamlar dagbækur afhentar.

Þetta staðfestir Eyþór Björnsson

fiskistofustjóri en segir Hval hf. vera skylt að senda afritin þrátt fyrir að stofnunin sem á að hafa eftirlit með veiðunum hafi ekki gert sér grein fyrir þessari breytingu.

Nýtt veiðileyfi til handa Hval hf. var gefið út í febrúar og gildir það til 2023. Sama fyrirkomulag á að vera viðhaft til þess tíma, að skipstjórar sendi dagbækur sínar til Fiskistofu. Hins vegar getur Fiskistofa ekki þvingað fyrirtækið til þess.

„Við höfum verið að fara yfir málið og sjáum að við getum aðeins kallað eftir þessum gögnum og brýnt fyrirtækið til þess að skila umræddum dagbókum,“ segir Eyþór.

„Við höfum hins vegar engin þvingunarúrræði hjá okkur til að knýja á um að gögnunum sé skilað og við getum til dæmis ekki afturkallað veiðileyfi þeirra.“

— sa / sjá síðu 6

### Um 5.400 í VR búnir að kjósa

**KJARAMÁL** „Við ákváðum bara að drífa þetta af fyrir páska enda svo sem ekki eftir neinu að biða. Það var búíð að kynna samninginn og nú biðum við bara dóms félagsmanna,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR.

Atkvæðagreiðsla félagsmanna um lífskjarasamningana lýkur á hádegi í dag. Rúmlega 5.400 félagsmenn voru búnir að greiða atkvæði um kvöldmatarleytið í gær. Um 35.700 eru á kjörskrá og er þátttakan því 15,1 prósent. Ragnar Þór á von á því að kjörsókn verði svipuð og áður, í kringum 20 prósentin.

Telur hann að félagsmenn séu frekar tilbúnir að fara á vegferð lífskjarasamningsins heldur en að fara aftur í átakafarveginn.

— sar / sjá síðu 4

#### Fréttablaðið í dag



Halldór

**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímson skrifar um orku. **11**

**SPORT** Tiger Woods sneri aftur og vann Masters-mótið. **12**

**MENNING** Angústúra gefur út bókina Glæp við fæðingu. **20**

**LÍFIÐ** Tvíburarnir í Proclaimers kunna vel við rokið á Íslandi. **25**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FASTEIGNIR • GARÐAR OG HELLULAGNIR**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

AUSTURBÆR  
**VIÐBURÐAHÚS**

ALLT AÐ  
**500 GESTA**  
BORÐHALD

**1.000 GESTA**  
STANDANDI VEISLUR

Tales from Iceland LUXOR

518 4000 / info@tales.is

**KRONAN**

**Ber í kvöld?**

Vinber í boxi 500g, Rauð/græn

**449** kr. pk.

**VIÐ BREYTTUM VIÐ FLYTJUM**

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM\***

VIÐ LOKUM VERSLUNINNI Á LAUGAVEGI 178, 17. APRÍL KL.18.00.

MATAR- OG KAFFISTELL, GLÖS, IITTALA, RÚMFÖT, SPEGLAR OG FLEIRA.

**Tækk KRISTALL**

Laugavegi 178  
Allar nánari upplýsingar í síma 568 9955

\*Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðsvörum.

## Veður



Suðaustan-átt, 10-18 m/s en 8-15 m/s á morgun, hvassast með suðvesturströndinni. Talsverð rigning suðaustan til, dálítill væta um vestanvert landið, en yfirleitt léttskýjað norðanlands. Hiti víða 7 til 14 stig að deignum, hlýjast á Norðurlandi. **SJÁ SIÐU 18**



Páll Winkel segir að farið verði yfir málið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Strokufangi á Akureyri

**LÖGREGLUMÁL** Fangi í fangelsinu á Akureyri sætti í gærmorgun færiss og hljóp út þegar starfsmaður opnaði dyrnar að fangelsinu. Þetta staðfestir Páll Winkel fangelsismálastjóri.

Fangavörður sýndi af sér snaræði og hljóp manningu upp. Páll segir að maðurinn sé ekki talinn hættulegur.

„Það eru þarna dyr inn í fangelsið sem þarf að opna annað slag. Hann var reiðubúinn og hljóp út þegar það var opnað,“ segir Páll um atburðarásina. Hann segir að maðurinn sé ekki talinn hættulegur.

Páll segir að tilraun til stroks úr afplánun sé eitt alvarlegasta agabrotið sem hægt sé að fremja í fangelsi. Slík tilraun getur haft áhrif á allt afplánunarferlið. Menn geti misst möguleika á reynslulausn, vistun á áfangaheimili eða möguleikann á að fá öklaband.

„Menn leggja gríðarlega mikið undir,“ segir hann um tilraun sem þessa. Hann segir að sem betur fer séu slíkar tilraunir fátíðar.

„Þetta fór vel og ég er ánægður með starfsfólki mitt,“ segir Páll. Skoðað verði hvort maðurinn verður fluttur eða hvernig brugðist verður við uppátækinu. – bg

## Einn af þeim efnilegustu



Hinn fimmtán ára gamli íranski skákmaður Alireza Firouzja íhugar hér stöðu sína í umferð gærdagsins á Reykjavíkurskáknotinu sem nú fer fram í Hörpu. Fíouzja er þrátt fyrir ungan aldur þegar kominn í hóp sterkustu skákmanna heims. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Annasamt hjá lögreglunni

**LÖGREGLUMÁL** Eitt hundrað mál rötuðu á borð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá því síðdegis á laugardag og fram á sunnudagsmorgun. Tveir menn voru handteknir vegna líkamsárása.

Í öðru tilvikinu var árásin gerð í miðbænum en meðsl brotþola voru sögð minniháttar. Árásarmaðurinn var í annarlegu ástandi og var vistaður í fangaklefa.

Í hinu tilvikinu var um að ræða árás í Árbænum. Einn maður var handteknur og var hann vistaður í fangaklefa.

Sex öikumenn voru stöðvaðir í fyrrinótt vegna gruns um að aka bíl undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Einn þeirra hafði aldrei fengið bílpróf.

Loks var tilkynnt um konu í annarlegu ástandi í miðbænum. Lögregla reyndi að aðstoða hana við að komast heim. Þegar það gekk ekki var hún vistuð í fangageymslu. – bg

# Yfirlýsing meirihluta sögð ljót og taktlaus

Mannréttinda- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar varar við mýtum og fordómum í garð geðfatlaðra í yfirlýsingu vegna undirskriftasöfnunar íbúa í Seljahverfi. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins segir viðbrögðin taktlaus.

**BORGARMÁL** Hátt í þúsund manns hafa skrifað undir undirskriftalista þar sem mótmælt er byggingu búsetuúrræðis fyrir geðfatlað fólk í Hagaseli í Seljahverfi. Mannréttinda- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar sendi frá sér yfirlýsingu fyrir helgi vegna undirskriftasöfnunarinnar þar sem varað er við fordómum gegn geðfötlöðu fólki.

„Ekki stafar sérstök hættu af geðfötlöðu fólki og mikilvægt að ala ekki á slíkum fordómum. Það virðist þrautseig mýta að fylgni sé milli geðfötlunar og þess að beita ofbeldi,“ segir í yfirlýsingu ráðsins.

Egill Þór Jónsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, setur spurningarkerki við yfirlýsinguna, hún sé taktlaus þótt innihaldið sé gott og gilt. „Þegar málið er sett í samhengi við það sem hefur átt sér stað í þessu hverfi, þá finnst mér rosalega ljótt af fulltrúum meirihlutans að saka íbúa um fordóma. Það er mikil tortryggni í garð borgarinnar í kjölfar þess sem gerðist með Rangársel, borgin ætti að sýna auðmýkt og vinna með íbúum frekar en á móti þeim,“ segir Egill Þór, en hann starfaði sjálfur í búsetukjarnanum Rangárseli en árið 2017 var hafist handa við að koma fyrir öryggisvistun í sama húsnæði.

„Það varð allt vitlaust þegar það voru settar upp öryggisgirðingar í skjóli nætur og sersveitin þurfti að koma oft en einu sinni,“ segir Egill Þór, hann bætir við að engin vandamál hafi komið upp tengd búsetukjarnanum Rangárseli síðustu tvö ár.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, forseti borgarstjórnar og formaður ráðsins, segir að þótt málið sé á borði velferðarsviðs þá hafi verið ástæða til



Til stendur að byggja tveggja hæða íbúðarhús á lóðinni fyrir átta íbúðir. Athugasemdafrestur rennur út á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Íbúarnir óttast ekki að þangað sé að fara að flytja fólk með geðraskanir. Það er í finu lagi. Það hefur meiri áhyggjur af þessum mögulega fíknivanda.**

Egill Þór Jónsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



að ítreka stuðning við fatlað fólk. „Það er sífellt verið að líkja þessu við úrræði í Rangárseli, sem er öryggisvistun. En geðfatlað fólk er jafn fjölbreyttur hópur og við hin. Þessi umræða er að mörgu leyti for-

dómafull og tiltölulega illa upplýst.“ Egill Þór er sjálfur íbúi í hverfinu og hefur rætt við fjölmarga aðra íbúa. „Íbúarnir óttast ekki að þangað sé að fara að flytja fólk með geðraskanir. Það er í finu lagi. Það hefur meiri áhyggjur af þessum mögulega fíknivanda.“

Aðstandendur undirskriftasöfnunarinnar segja ekki hafa fengið skýr svör frá Reykjavíkurborg um hvort einstaklingar með fíknivanda verði hýstir í Hagaseli. Egill Þór segir íbúa ekki hafa fengið að segja sitt. „Ég sagði það, á lokuðum fundi í febrúar þegar þetta var á dagskrá, að í ljósi alls þess sem gerst hefur á þessu litla svæði, að það verði talað við íbúana áður en þetta verði keyrt í gegn. Það var bara hlegið að því, sem er lýsandi fyrir sýndarsamráð borgarinnar.“

arib@frettabladid.is  
lovissaa@frettabladid.is

**APPOLO LAKKRÍS**

**með lakkrís**

**Góða**  
Stofnan 1948



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝ COROLLA HÚN ER KOMIN AFTUR



Verð frá: 3.990.000 kr.

## Mest seld í heimi

Nýjasta kynslóð Corollu er komin í þremur glæsilegum gerðum sem taka sig best út með þig undir stýri. Mátuðu þig við kraftmiklar Hybrid útfærslur hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan eða langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín týpa?

2 ára þjónustupakki fylgir með nýrri Corollu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Ráðuneytið hefur ekki haft samband við innheimtuaðila smálána

**NEYTENDUR** Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hefur ekki haft samband við eftirlitsaðila með innheimtufyrirtækjum smálána til að kanna hvort neytendum séu veittar rangar eða villandi upplýsingar um kröfur. Samkvæmt lögum má sam- anlagður kostnaður lánþega aldrei verða hærrí en 50 prósent af láns- fjárhæðinni. Auðvelt er að taka slík lán á netinu, þá í gegnum vefsíður á íslensku sem skráðar eru erlendis. Innheimtan fer hins vegar fram á Íslandi.

Starfshópur ráðherra um starfs- umhverfi smálánafyrirtækja skil- aði skýrslu til Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, ráðherra atvinnu- vega, í febrúar síðastliðnum. „Innan ráðuneytisins er nú unnið að niður- stöðum skýrslunnar. Stefnt er að því að koma fram með tillögum til laga- breytinga á næsta löggjafarþingi er lúta að regluverki smálánafyrir- tækja,“ sagði Þórdís Kolbrún í ræðu á Alþingi í mars.

Starfshópurinn skilaði inn tólf til- lögum, ein þeirra er að eftirlitsaðilar

með innheimtufyrirtækjum kanni sérstaklega hvort neytendum séu veittar rangar eða villandi upplýs- ingar. Hvorki Fjármálaeftirlitið né Lögmannafélag Íslands, sem hafa eftirlit með innheimtustarfsemi, könnuðust við málið.

Þórir Hrafnsson, upplýsingafull- trúi ráðuneytisins, segir málið enn í vinnslu. „Þessi mál í heild eru til skoðunar, þar með talið hvort haft verði samband við eftirlitsaðila og hvernig það verði gert. Þetta tekur allt sinn tíma.“ – ab



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, tók við skýrslu starfshópsins í febrúar síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nokkur fjöldi bíður enn

**SAMGÖNGUR** Allar áætlanir til og frá Keflavíkurflugvelli stóðust í gær. Rúmlega 3.600 farþegar Icelandair sátu fastir vegna veðurs á föstu- daginn og fram á seinnipartinn á laugardaginn. Í gærkvöldi var Ice- landair búíð að leysa úr vanda rúm- lega 3 þúsund farþega en nokkur hundruð eru enn hér á landi og bíða eftir flugi.

„Það er allt í góðu gengi núna og hafa allar áætlanir staðist í dag það eru allir landgangar í notkun nema einn, sá sem hefur lægri þröskuld fyrir vindhraða,“ sagði Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, í gærkvöldi.

➤ Veðrið truflaði för rúmlega 3.600 farþega Icelandair. Búíð er að koma meira en 3 þúsund úr landi.

Ástandið á Keflavíkurflugvelli var orðið með eðlilegu móti fyrir hádegi.

Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsinga- fulltrúi Icelandair, segir að unnið hafi verið dag og nótt að því að koma öllum úr landi. „Við settum upp aukaflug, átta flug til Banda- ríkjanna og þrjú til Evrópu.“

Vél sem Icelandair er með á leigu fyrir sumarið hafi komið að góðum notum, einnig hafi farþegum verið komið í vélar annarra flugfélaga. – ab

# Atkvæðagreiðslu VR um lífshjálparasamning lýkur í dag

Formaður VR segist treysta félagsmönnum sínum til að taka upplýsta ákvörðun í atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning. Þeir geri sér líka grein fyrir því hvaða þýðingu það hefði að hafna samningnum. Hann segir það mikinn misskilning að verkalýðsforingjar fari bara í fri eftir gerð kjarasamninga.

**KJARAMÁL** Atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VR um nýjan kjarasamning lýkur á hádegi í dag. Úrslit verða þó ekki kynnt fyrr en kosningu meðal aðildarféлага Starfsgreinasambandsins lýkur en þær atkvæðagreiðslur standa til 23. apríl næstkomandi.

„Við ákváðum bara að drífa þetta af fyrir páska enda svo sem ekki eftir neinu að bíða. Það var búíð að kynna samninginn og nú bíðum við bara dóms félagsmanna,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Að sögn Ragnars höfðu rúmlega 5.400 félagsmenn greitt atkvæði um kvöldmatarleytið í gær. Á kjör- skrá eru tæplega 36 þúsund manns þannig að þátttakan var 15,1 pró- sent.

„Við settum okkur ekki nein sér- stök markmið um þátttökuna. Þetta eru tiltölulega flóknir samningar og mikið í þeim,“ segir Ragnar Þór.

Ágætlega hafi gengið að kynna efni samningsins fyrir félagsmönnum en Ragnar Þór hefur ekki viljað skipta sér af því hvernig félagsmenn greiða atkvæði.

„Við töldum okkur ekki geta náð meiru út úr þessu en það verður að koma í ljós hvort félagsmenn okkar samþykkja þetta eða senda okkur aftur að teikniborðinu. Það hefur alltaf verið mín stefna í þessu að vera ekki að segja fólki hvað það á að gera. Ég treysti fólki fullkomlega til að taka upplýsta og málefnalega afstöðu til þessa samnings.“

Ragnar Þór segist líka treysta því



Ragnar Þór Ingólfsson var sáttur þegar samningar höfðu verið undirritaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

að fólk geri sér fullkomlega grein fyrir því hvað muni gerast verði samningnum hafnað.

„Þá þyrftum við bara að fara aftur inn í Karphús og reyna að ná einhverju meira inn í þetta. Það þyrftum við væntanlega að gera með einhvers konar aðgerðaplani. Ég held við náum ekki meiru í þetta nema með því að fara í einhverjar aðgerðir. Þá hljóta þessir sömu félagsmenn að verða tilbúnir í það.“

Hann segist lesa þannig í stöðuna að fólk sé frekar tilbúið að fara í veg- ferð lífshjálparasamningsins heldur en að fara aftur í átakafarveginn. „Það er ekkert víst að slíkt myndi skila okkur einhverju meiru.“

Ragnar segir að í umræðum um lífshjálparasamninginn hafi ýmislegt fallið í skuggann. „Það er fullt af hlutum sem við erum að fara með af stað í dag. Við erum að vinna að því að fullu að fjármagna Blæ, sem

er nýtt húsnæðisfélag sem byggir fyrir alla tekjuhópa.“

Hin eiginlega vinna sé að byrja núna. „Ef einhver heldur það að verkalýðsforingjar fari bara í fri eftir kjarasamninga þá er það mikill misskilningur. Nú hefst vinnan við að fylgja þessu öllu eftir. Við erum með stóran og mikinn tékklista sem við þurfum að fara í gegnum, sér- staklega þegar kemur að húsnæðis- málum.“ sighthatur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ  
Vertu fyrst/ur  
að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

## NÝR JEEP CHEROKEE

PÁSKATILBOÐ

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIE

Aukahlutir að verðmæti **730.000 kr.** fylgja öllum nýjum Jeep® Cherokee út apríl. 30" breyting sem innifelur 3,5cm upphækkun, 30" Cooper heilsársdekk og aurhlífar. Losanlegt dráttarbeisli, gúmmimottur framan og aftan og málmlitur.

JEEP® CHEROKEE LONGITUDE LUXURY VERÐ FRÁ: **7.990.000 KR.**

JEEP® CHEROKEE LIMITED VERÐ FRÁ: **9.580.000 KR.**

ÍSABAND  
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep  
THERE'S ONLY ONE

jeep.is



# Bíla **naust**

## Á FULLRI FERÐ

## VORIÐ KALLAR Á ÞIG

Bílaust er eitt öflugasta vörumerki landsins með bílatengdar vörur og varahluti. Við stöndum undir merkjum og erum búin að troðfylla búðirnar af gæðavörum og veitum þér frábæra þjónustu á sex stöðum á landinu. Komdu við í Bílaust og settu mótörinn á fulla ferð í vor.

25% afsláttur

Osram perur



585 kr.

Rúðuvökvi  
-18 °C  
Tilboð



15% afsláttur

Brenderup  
kerrur



25% afsláttur

Barnabílstólar



25% afsláttur

Bónvörur



20% afsláttur

Varta  
rafgeymar



Mikið  
úrval

20% afsláttur

Varahlutir



25% afsláttur

Bremsudiskar  
og klossar



25% afsláttur

Gæðaolíur frá  
Kroon oil



20% afsláttur

Verkfæri



20% afsláttur af öllum aukahlutum fyrir kerrur og fullt af öðrum frábærum tilboðum í verslunum okkar.

Gildir frá 10. til 17. apríl eða á meðan birgðir endast.

bilanaust.is  
Fullkomin vefverslun  
með einfaldri leit.  
Þú slærð inn bílnúmerið,  
við finnum varahlutina  
og sendum þér heim  
að dyrum.

# Prófessor við Stanford sagður hafa aðstoðað við umdeilda tilraun

**VÍSINDI** Stanford-háskóli í Kaliforníu hefur hafið athugun á því hvort einn af starfsmönnum háskólans hafi aðstoðað kínverska erfðafræðinginn He Jiankui við að breyta erfðum tveggja lífvænlegra fösturvísa sem síðar urðu að tveimur stúlkubörnum.

Vísindamaðurinn sem um ræðir heitir Stephen Quake, en hann er heimsþekktur lífefnaverkfræðingur, eðlisfræðingur og prófessor við Stanford-háskóla.

Quake var lærimeistari Jiankui

en samskipti vísindamannanna eru rakin í umfjöllun The New York Times. Þar segir að Jiankui hafi tilkynnt Quake að tekist hefði að koma fösturvísunum fyrir og að erfðabreytingaferlið hefði heppnast.

„Vá, það er mikið afreksverk,“ svaraði Quake. „Vonandi mun meðgangang ganga vel.“

Tilraunir Jiankui hafa verið fordæmdar afdráttarlaust af vísindamönnum víða um heim. Kínversk yfirvöld rannsaka nú tilraunir hans.

Rannsókn Stanford-háskóla hófst eftir að forseti kínverska háskólans þar sem Jiankui starfaði fullyrkti að Quake hefði tekið þátt í tilraunum Jiankui með því að hjálpa honum með undirbúning og framkvæmd þeirra.

Í samtali við The New York Times þvertækur Quake fyrir að hafa aðstoðað Jiankui.

„Ég hafði ekkert að gera með þetta,“ hefur miðillinn eftir Quake. „Ég reyni alltaf að fylgja siðferðilegum viðmiðum.“ – khn



Tilraunir Jiankui hafa verið fordæmdar víða um heim. NORDICPHOTOS/GETTY



Frá fundinum í Washington.

MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Ávarpaði þróunarnefnd

**UTANRÍKISMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra ávarpaði þróunarnefnd Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fundi hennar í Washington um helgina. Ísland á sæti í nefndinni á árinu sem fulltrúi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.

Guðlaugur Þór lagði í ávarpi sínu áherslu á fjölþjóðlegt samstarf á borð við alþjóðavíðskipti, loftslagsmál og mannaud auk mannréttinda- og jafnréttismála.

„Í þessu sambandi er líka nauðsynlegt að beina sjónum að skuldastöðu þróunarrikskjanna og aðgerðum til að bregðast við henni. Þá er ég sannfærður um að einkageirinn geti gegnt mikilvægu hlutverki við fjármögnun þróunar,“ sagði hann í ávarpinu. – sar



Skiltagerð fyrir mótmæli hér á landi í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Aðeins fjórir mótmæltu hvalveiðum

**UTANRÍKISMÁL** Aðeins hafa verið haldin ein mótmæli við íslenskt sendiráð í kjölfar ákvörðunar Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegsráðherra um að leyfa áframhaldandi veiðar á langreyði og hrefnu til ársins 2023. Þetta kemur fram í svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Jarðarvína. Samtökin sendu fyrirspurn þess efnis á sendiskrifstofur Íslands í London, París, Berlín og Washington DC.

Jarðarvínir, ásamt sjö öðrum félagasamtökum, mótmæltu ákvörðuninni á Austurvelli í lok mars.

Fram kemur í svari utanríkisráðuneytisins að ekki hafi verið bодаð til mótmæla við sendiráðin fjögur frá því sjávarútvegsráðherra undirritaði reglugerðina í febrúar síðastliðnum. Ráðuneytið veit af einum mótmælum. „Þann 26. mars voru mótmæli við íslenska sendiráðið í Stokkhólmi þar sem mættu fjórir mótmælendur.“

Sendiráðunum hafa borist samtals um 40 skreyti og símtöl vegna málsins, annars hafi ráðuneytið ekki orðið vart við gagnrýni eða mótmæli vegna hvalveiða. – ab

# Fiskistofu skortir heimildir til að þvinga fram gögn frá Hval

Fiskistofa hefur ekki fengið allt að fimm ára gamlar dagbækur skipstjóra hvalveiðiskipa Hvals hf. vegna veiða á rúmlega 400 stórhvelum. Fiskistofustjóri segist ekki geta beitt fyrirtækið þvingunarúrræðum vegna skorts á lagaheimildum.

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskistofa hefur enn ekki fengið sent afrit af dagbókum skipstjóra hvalveiðiskipa Hvals hf. fyrir árin 2014, 2015 og 2018. Stofnunin hefur ítrekað beðið um þessar dagbækur til að glöggva sig á veiðitilhögun á langreyði en án árangurs. Fiskistofustjóri segir stofnunina ekki geta beitt fyrirtækið Hval hf. þvingunarúrræðum.

Í leyfi Hvals hf. til veiða á langreyði, sem gefið var út í maí árið 2014, er sett sú krafa á hvalveiðifyrirtækið að skipstjorar haldi dagbók yfir veiðarnar og nákvæmlega skilgreint hvað skrá skuli í dagbækurnar. Er það gert svo Fiskistofa geti haft eftirlit með veiðunum. Veiðileyfið var gefið út vegna veiða árin 2014-2018.

Á þessum tíma veiddi Hvalur hf. 436 langreyðar án þess að skila dagbókum sínum til Fiskistofu þrátt fyrir að skýrt sé kveðið á um það í veiðileyfinu til fyrirtækisins.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, veitti fyrirtækinu áframhaldandi veiðileyfi á langreyði til ársins 2023.

„Við höfum verið í bréfaskriftum við lögfræðing Hvals hf. og höfum



Fiskistofa hefur ekki fengið afrit af dagbókum skipstjóra hvalveiðiskipa Hvals frá 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Við höfum hins vegar engin þvingunarúrræði hjá okkur til að knýja á um að gögnunum sé skilað.**

Eyþór Björnsson, forstjóri Fiskistofu



kallað eftir þessum upplýsingum, það er klár skylda fyrirtækisins að skila inn þessum gögnum þrátt fyrir að við höfum ekki áttað okkur á þessum breytingum í veiðileyfinu árið 2014,“ segir Eyþór Björnsson, forstjóri Fiskistofu.

Fiskistofa afturkallaði veiðileyfi skipsins Kleifabergs fyrr á árinu vegna brota á ákvæði í veiðileyfi þess. Eyþór segir ekki hægt að afturkalla leyfi hvalveiðifyrirtækisins þar sem veiði á hval sé byggð á annarri löggjöf.

„Við höfum verið að fara yfir málið og sjáum að við getum aðeins kallað eftir þessum gögnum og

brýnt fyrirtækið til þess að skila umræddum dagbókum,“ segir Eyþór. „Við höfum hins vegar engin þvingunarúrræði hjá okkur til að knýja á um að gögnunum sé skilað og við getum til dæmis ekki afturkallað veiðileyfi þeirra.“

Hvalveiðifyrirtækið hefur sætt mikilli gagnrýni vegna hvalveiða sinna undanfarin ár og síðastliðið sumar var uppi hávær krafa um að veiðarnar yrðu stöðvaðar vegna kefldra kúa sem hvalveiðifyrirtækið drap á miðunum.

EKKI náðist í Kristján Loftsson, forstjóra Hvals hf., við vinnslu fréttarinnar. sveinn@frettabladid.is

# Hægt að taka þátt í endurreisn WOW á hluthafi.com

**VÍÐSKIPTI** „Við teljum að ef Skúli og hans besta fólk getur endurreist WOW Air þá eigum við sem einstaklingar í þessu landi að sameinast um að hjálpa til. Því hvetjum við einstaklinga og fyrirtæki til að leggja fram lítilsháttar hlutafé í krafti fjöldans og tryggja rekstur WOW Air til framtíðar.“

Þetta kemur fram á vefsíðunni hluthafi.com, þar sem almennig gefst kostur á að leggja fram loforð um hlutafé í nýju flugfélagi. „Ef ekki verður af endurreisn WOW Air og eða nýtt félag stofnað, þá verður þetta loforð um hlutafé ógilt og fellur niður,“ segir enn fremur.

EKKI er ljóst hver stendur að baki síðunni. Í svari við fyrirspurn blaðsins kom fram að félagið hefði enn ekki verið stofnað og að ekki fengjust upplýsingar um það hverjir standi á bak við síðuna.

Á síðunni segir aðeins að um sé

**Án komu almenningshlutafélags er mjög líklegt að ekki verði til nýtt laggjaldaflugfélag**

Upplýsingar á heimasíðunni hluthafi.com

að ræða fyrrverandi viðskiptavini WOW air og annarra flugfélaga. Einnig segir að líkur á því að Skúla og félögum takist að endurreisa WOW eða stofna nýtt félag minnki með hverjum deginum sem líður.

Nýliðum í fjárfestingum er ráðlagt að lofa ekki meiru hlutafé en sem nemur einum fimmta af mánadarlaunum.

„Án komu almenningshlutafélags er mjög líklegt að ekki verði til nýtt laggjaldaflugfélag,“ segir á síðunni. – bg



Almenningur getur tekið þátt í endurreisn WOW air. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

HAGKAUP  
MERKIÐ  
TRYGGIR  
GÆÐIN

# Meira fyrir páska

MINNA  
SALT

TILBUÐ TIL SOUS VIDE ELDUVA  
SOUS  
VIDE

## Hagkaups hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.



HAGKAUP  
MERKIÐ  
TRYGGIR  
GÆÐIN

NÝJUNG  
NÚ FÆST  
KALKÚNASKIPIÐ  
EINNIG  
ÓKRYDDAÐ

Hagkaups smjörspautað kalkúnaskip



Ferskur íslenskur kalkúnn



HAGKAUP  
MERKIÐ  
TRYGGIR  
GÆÐIN

Hagkaups fylltar kalkúnabringur  
5 spennandi tegundir: Smjörspautaðar -  
Amerísk fylling - Döðlufylling - Ostafylling -  
Beikon & trönuberjafylling



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira  
svona  
alla daga

## Framlengja kyrrsetningu

**FLUGMÁL** Bandaríska flugfélagið American Airlines hefur ákveðið að framlengja kyrrsetningu Boeing 737 MAX 8 véla sinna til 19. ágúst næstkomandi. Til stóð að hefja notkun þeirra að nýju um miðjan júní.

Í yfirlýsingu frá félaginu segir að þessar ráðstafanir séu gerðar til að skapa traust gagnvart viðskiptavinum þeirra yfir háannatímamann.

Umræddar vélar voru kyrrsettar um heim allan í mars í kjölfar mannskæðra flugslysa í Eþíópíu og við Indónesíu sem voru rakin til bilunar í sjálfvirkniþúnaði. Boeing hefur unnið að endurbótum á kerfinu.

Haft er eftir háttsettum aðilum innan flugfélagsins að það hafi þó trú á því að nauðsynlegar endurbætur verði samþykktar af bandarískum flugmálayfirvöldum fyrir 19. ágúst. –sar



Frá vettvangi í Nepal. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Slys á einum hættulegasta flugvelli heims

**NEPAL** Þrír létu lífið í flugslysi í Nepal í gær en slysið varð á Lukla-flugvelli sem er talinn einn sá hættulegasti í heimi. Vélin lenti utan flugbrautar og hafnaði á kyrrstæðri þyrllu með þeim afleiðingum að flugmaður vélarinnar lét lífið auk tveggja lögregluþjóna sem stóðu við þyrlluna.

Flugbrautin á Lukla-flugvelli er stutt og umkringd fjöllum sem gerir flugtak og landingu afar erfið. Ástæður slyssins eru ókunnar en veðurskilyrði voru góð og hélt flugumferð áfram eftir slysið.

Flugvöllurinn er í rúmlega 2.800 metra hæð en aðeins reyndum flugmönnum með yfir hundrað landingar og flugtök á stuttum flugbrautum er leyft að nota hann. Árið 2008 fórust átján manns þegar landing misheppnaðist á vellinum. –sar



Antti Rinne, leiðtogi Jafnaðarmanna, ásamt eiginkonu sinni, Heta Ravolainen-Rinne, koma til kosningavöku flokksins í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Snúin staða eftir tvísýnar þingkosningar í Finnlandi

Stjórnarmyndun gæti reynst erfið eftir þingkosningar í Finnlandi sem fram fóru í gær. Miðflokkur forsætisráðherrans Juha Sipilä tapaði miklu fylgi en Jafnaðarmenn og Finnaflokkurinn berjast um að verða stærsti flokkurinn á þinginu. Græningjar bættu við sig fylgi.

**FINNLAND** Snúin staða virðist framundan í finnskum stjórnámum eftir þingkosningar sem fram fóru í landinu í gær. Þegar rúm 97 prósent atkvæða höfðu verið talin voru Jafnaðarmenn mest flest atkvæði eða 17,8 prósent. Finnaflokkurinn var næstur með 17,6 prósent. Einingarflokkurinn, sem er hægriflokkur, var í þriðja sæti með 16,8 prósent.

Miðflokkurinn tapaði þó nokkru

fylgi og var aðeins með 14 prósent en var stærsti flokkurinn í kosningunum 2015 með rúmlega 21 prósent atkvæða. Formaður flokksins Juha Sipilä myndaði í kjölfarið ríkisstjórn með Finnaflokknum og Einingarflokknum. Nú er ljóst að dagar hans sem forsætisráðherra eru taldir.

Hann sagði í gærkvöldi að flokkurinn hefði sýnt ábyrgð á kjörtímabilinu og að margt hefði áunnist. Nú væri staðan þannig að enginn einn flokkur hefði skýrt og sterkt umboð. Nú væru fimm stórir flokkar á þinginu og það yrði ekki auðvelt að mynda nýja ríkisstjórn.

Kosningaspá finnska ríkisútvarpsins YLE gerði ráð fyrir því að Jafnaðarmenn fengju 40 þingsæti, Finnaflokkurinn 39, Einingarflokkurinn 37, Miðflokkurinn 31, Græningjar 20, Vinstrabandalagið 16, Sænski þjóðarflokkurinn tíu, Kristilegir demókratar fimm og aðrir tvö þingsæti.

Verði það niðurstaðan myndu stærstu breytingarnar verða að Jafnaðarmenn bættu við sig sex sætum,

# 72%

var kjörsóknin að þessu sinni en var um 70 prósent árið 2015.

Græningjar fimm og Vinstrabandalagið fjórum. Miðflokkurinn myndi hins vegar tapa 18 sætum.

Kannanir höfðu bent til þess að Jafnaðarmenn fengju flest atkvæði og þegar úrslit úr atkvæðagreiðslu utankjörfundar voru birt um leið og kjörstöðum var lokað virtust þær spár ætla að rætast. Þá var flokkurinn með 19,2 prósent en Finnaflokkurinn 17,2 prósent. Eftir því sem leið á talninguna dró hins vegar saman með flokkunum.

Antti Rinne, leiðtogi Jafnaðarmanna, sagði eftir að forysta flokksins tók að minnka að úrslitin hefðu getað verið betri. Staðan væri þannig að ómögulegt væri að segja hvernig lokaniðurstaðan yrði. Jafnaðar-

menn hafa ekki hlotið flest atkvæði í þingkosningum frá því 1999.

Leiðtogi Finnafloksins, Jussi Halla-aho, sagðist í ræðu fyrir framán stuðningsmenn sína vera hissa á þessum góða árangri flokksins. Hann tók þó fram að erfitt hefði reynst að spá fyrir um úrslit kosninganna að þessu sinni. Varðandi framhaldið sagði hann að flokkurinn ætti ekki í neinum vandræðum með að vinna með öðrum, en aðrir virtust eiga í vandræðum með að vinna með þeim.

Græningjar eru fimmti stærsti flokkurinn og voru með 11,4 prósent miðað við 8,5 prósent síðast. Leiðtogi þeirra, Satu Hassi, var hæstánægð með niðurstöðuna. Góðan árangur mætti helst þakka uppgangi ungra kvenna í flokknum og það væri hún sérstaklega ánægð með.

Kjörsókn var um 72 prósent sem var um tveggja prósentustiga aukning frá kosningunum 2015. Metfjöldi, eða um 36 prósent, kaus utankjörfundar.

sighvatur@frettabladid.is

## FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?

**MOTION**



Glæsilegur og vel útbúinn pallbill með 3.0 lítra, 258 hestafla, V6 dísilvél, 580 Nm tugi, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara, Xenon/led aðalljósum og 18" álfelgum.

**Volkswagen Amarok**  
verð frá **8.290.000 kr.**

Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.

**Volkswagen Crafter**  
verð frá **6.220.000 kr.**

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.

**Volkswagen Caddy**  
verð frá **2.870.000 kr.**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjarki. Fullkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.

**Volkswagen Transporter**  
verð frá **4.590.000 kr.**



**Atvinnubílar**



# TVEIR Á TOPPNUM FRÁ ŠKODA



ŠKODA



## VERTU TIL Í ALLT Á KODIAQ OG KAROQ.

Škoda Kodiaq hefur slegið rækilega í gegn og Karoq litli bróðir gefur honum lítið eftir. Frábærir aksturs-eiginleikar, ríkulegur útbúnaður og fást báðir með fjórhjóladrifi svo þú finnur varla betri félagu fyrir hvaða færð sem er. Komdu í reynsluakstur og finndu hvernig er að vera á toppnum. Hlökkum til að sjá þig.

### Škoda Kodiaq 4x4

Ambition / 1.4 TSI / Sjálfskiptur

Verð frá 5.790.000 kr.

### Škoda Karoq

Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur

Tilboðsverð 4.550.000 kr.  
Listaverð ~~4.850.000~~ kr.

Afsláttur  
300.000 kr.



5 ára ábyrgð fjöggr fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákveðnum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á [www.hekla.is/abyrgd](http://www.hekla.is/abyrgd)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

[www.skoda.is](http://www.skoda.is)



Þessir glöðu keppendur eru hér komnir á toppinn og gera sig klára í að bruna niður gilin brött. Keppendur þurfa sjálfir að klifa tindana. MYNDIR/JÓNAS STEFÁNSSON, LEO WATTEBLED, VÍÐIR B.

## Ofurhugar utanbrauta

Sigló Freeride Weekend-skiðakeppnin var haldin í Skarðsdal á Siglufirði í einmuna blíðu um helgina. 62 keppendur voru skráðir til leiks og keppt var á skíðum og brettum niður bröttustu brekkur ofan skíðasvæðisins í Skarðsdal. Einkunnir voru gefnar fyrir stíl, stökk og brellur. Veðrið lék við keppendur og mótsgesti. Mótið er hluti af alþjóðlegu mótariðinni Freeride World Tour.



# Leiðin er greið



Hörður Ágísson  
hordur@frettabladid.is

Svartsýnin virðist vera á undanhaldi. Mikilvæg skref hafa verið stigin að undanfögnu sem eru til þess fallin að draga úr óvissu og bæta rekstrar- og samkeppnisumhverfi íslensks efnahagslífs. Frumvarp um lækku bankaskatts í áföngum á komandi árum, sem verður þó enn margfalt hærra en þekkist annars staðar, ætti að koma heimilum og fyrirtækjum til bóta með því að draga úr vaxtamun bankanna og ákvörðun Seðlabankans um að afnema bindiskyldu á innflæði fjármagns mun ýta undir þá þróun að vextir fari lakkandi og eins auka aðgengi atvinnulífsins að erlendra skuldabréfajármögnun. Mestu máli skipta hins vegar kjarasamningar á almennum vinnumarkaði til næstu fjögurra ára sem kveða á um – heilt yfir – hófstiltari launahækkanir en margir höfðu óttast.

Frá sjónarhorni greinenda og fjárfesta hefur kjarasamningunum verið vel tekið. Þrátt fyrir gjaldþrot WOW air, niðurstaða sem var búð að verðleggja að stórum hluta inn í eignaverð, þá hefur gengi krónunnar haldið sjó og ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa lækkað verulega á síðustu vikum. Það þýðir að verðbólguálagið á skuldabréfamarkaði, mælikvarði á verðbólguvæntingum sem peningastefnunefnd Seðlabankans horfir mjög til við ákvörðun vaxta, hefur lækkað niður í um þrjú prósent – eftir að hafa nálgast 4,5 prósent undir lok síðasta árs – og hefur ekki mælst lægra frá því að gengi krónunnar var hvað sterkast verið 2018. Markaðurinn er með öðrum orðum að reikna með að vextir Seðlabankans eigi eftir að lækka nokkuð á komandi misserum. Fátt bendir til annars en að það veðmál muni að óbreyttu ganga eftir.

Fyrir Seðlabankann hefur niðurstaða kjarasamninganna komið bankanum þægilega á óvart. Sé litið á síðustu spá Seðlabankans um launavöxt til næstu ára virðast þær launahækkanir sem nú hefur verið samið um fyrir á annað hundrað þúsund manns á vinnu- markaði vera hóflegar – og jafnvel heldur minni en bankinn hafði reiknað með. Næsti vaxtaákvörðunarfundur peningastefnunefndar er ekki á dagskrá fyrr en í lok maímánaðar. Færa mætti fyrir því rök að ástæða væri mögulega fyrir bankann til að boða til fundar fyrir í því skyni að lækka vexti. Skýrar vísbendingar eru um niðursveiflu, sem eiga eftir að birtast okkur með enn meira afgerandi hætti eftir fall WOW air, og útlit er fyrir að eitt lengsta hagvaxtarskeið Íslandssögunnar sé nú að líða undir lok. Atvinnuvegafjórðing er minni, vöxtur í debetkortaveltu innanlands hefur dregist mjög saman og ferðamönnum til landsins á líklega eftir að fækka um meira en tíu prósent á milli ára. Nýleg hagspá Arion banka gerir ráð fyrir nærri tveggja prósentu efnahagssamdrætti í ár.

Rættist slíkar hagspár er samt engin ástæða til að örvænta. Efnahagshorfur landsins eru góðar og nú þegar stærsti óvissuþátturinn er frá – almenni vinnu- markaðurinn – ættum við að sigla inn í efnahagslægd án þess að henni fylgi mikil gengisveiking og verðbólga. Það væri nýlunda. Sterkar stöðir þjóðarbúsins, einkum stór óskuldsettur gjalddeyriforði og jákvæð eignastaða við útlönd, skipta þar höfuðmáli. Leiðin er þess vegna greið fyrir Seðlabankann til að lækka vexti og Ísland ber enn nafn með rentu sem gullejyan.



Fyrir Seðlabankann hefur niðurstaða kjarasamninganna komið bankanum þægilega á óvart.



**Rafkaup**  
Ármúla 24 • S: 585 2800

Halldór



## Frá degi til dags

**Hættið að hægja...**  
Þrátt fyrir áru eilífs æskufjörs og lífsgleði tekst Gísli Marteini Baldurssyni ítrekað að stuða og á föstudagskvöld þurft hann ekki nema 15 sekúndur til þess að trylla áhyggjukórinn sem kennir sig við Orkuna okkar og berst gegn orkupakknum á Facebook. Eftir þátt sinn var Gísli klagður fyrir að hafa komið með brandara um orkupakkann eftir aðeins 15 sekúndur. Nokkuð ljóst að taugarnar eru vel þandar þegar fimmaur um að vonandi væru allir búnir að pakka fyrir páskana, „þó vonandi ekki þriðja orkupakka“ kallar fram hörd viðbrögð og samsæriskenningar.

**... brandarinn er búinn**  
Enn súrnaði grínið á RÚV í Silfrinu þegar Þórlindur Kjartansson svaraði fyrir umtalaða og viðlesna grein sína í Fréttablaði föstudagsins. Þar tuskandi þessi annars dagsprúði pistlahöfundur andstæðinga orkupakkans til fyrir að grafa undan viðskiptafrelsi og réttarríkinu. Þórlindur dró hvergi úr og var greinilega ekki hlátur í huga. Mættur var einnig Stefán Pálsson sem er fullkomlega öndverður við Þórlind á pólitíska ásnun. Hann afgreiddi orkupakkafárið með ísköldu háði og drap þannig brandarann endanlega. [toti@frettabladid.is](mailto:toti@frettabladid.is)

## Katie og svartholið



Katrín Atladóttir  
borgarfulltrúi  
Sjálfstæðis-  
flokksins

Í síðustu viku birtist í fyrsta skipti mynd af svartholi. Strax á eftir birtist mynd af ungri konu ásamt skjá með myndinni af svartholinu. Það fór ekki fram hjá neinum sem virti myndina af henni fyrir sér hversu stolt og ánægð hún var. Það var mynd af Katie Bouman, sem forritaði algrímið sem gerði kleift að setja saman myndina. Katie Bouman er 29 ára tölvunarfræðingur og hafði, ásamt 200 manna teymi, unnið að þessu markmiði í þrjú ár.

### Störf framtíðarinnar

Talið er að það muni vanta 800 þúsund manns með tæknimenntun í Evrópu árið 2020. Auk þess er talið að minnst 65% starfa framtíðarinnar séu ekki til í dag. Þess vegna mun fólk þurfa að reida sig mun frekar á tækni og tæknilæsi þegar kemur að störfum framtíðarinnar. Í dag eru konur miklu síður líklegri til að velja sér nám í tækni. Við verðum að auka veg þeirra, bæði svo þær missi ekki af tækifærum í þessum atvinnugreinum, en einnig því viljum ekki að ný tækni verði mótuð af körlum eingöngu. En hvað veldur því að konur sækja síður í þessar námsgreinar?

### Skortur á fyrirmyndum

Ég tók nýlega þátt í málstofu sem bar yfirskriftina „Af hverju halda stelpur að þær geti ekki forritað?“. Allir sem þar komu fram voru sammála um að ástæðurnar væru sennilega margar og margþættar. Til dæmis er mikilvægt að kynna tækni og forritun fyrir börnum strax í grunnskóla, fólk velur sér ekki það sem það þekkir ekki. En hluti af ástæðunni er að fáar kvenkyns fyrirmyndir eru sýnilegar. Fyrirmyndir skipta nefnilega máli. Að sjá konur gera alls konar hluti, sáir fræjum hjá stelpum og gerir það að verkum að þær eru líklegri til að líta til þeirra starfa þegar þær hugsa um hvað þær vilja gera í framtíðinni.

Ég er fullviss um að við munum sjá fleiri stúlkur sækja sér menntun í tækni í framtíðinni, ekki síst vegna fyrirmýnda á borð við Katie Bouman.



En hluti af ástæðunni er að fáar kvenkyns fyrirmyndir eru sýnilegar. Fyrirmyndir skipta nefnilega máli.

# Síðasta öskrið

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ekki veit ég hvort það var einhvers konar evrópskur simapakki, fyrsti, annar, þriðji eða fjórði, sem gerði það að verkum að fyrir nokkru uppgötvaði maður á ferðalagi að hægt var að nota símann og netið hvar sem er í Evrópu án þess að borga aukalega fyrir það. Maður talar eins og maður sé heima hjá sér. Ég man að ég hugsaði: Þetta er frábært. Svona á þetta að vera. Hvíllík lífsgæði.

Þetta ákváðu ríki Evrópu að gera saman. Því meira sem fullvalda ríki vinna saman — eins og í Evrópusambandinu — því betra hafa þegnarnir það. Of lengi hafa almennir borgarar mátt þola það að sérhagsmunaöfl og framapotarar haldi þéttingsföstu kverkataki á þjóðum í nafni einhvers konar rudda fullveldis — sem felur aðallega í sér óskastöðu þeirra til að ráðskast með aðra og deila út þjóðarauðæfum til fárra. Því meira sem fullvalda þjóðir vinna saman, því erfiðara er fyrir rudda að athafna sig og ráðskast með þjóðarhagi. Og þeim mun betra fyrir borgarana.

Þetta er þumalputtaregla. Það að geta talað í síma hvar sem er í Evrópu og ferðast frjálst og búíð þar sem manni sýnist, það er ekki efst á óskalista þeirra sem vilja ráða þjóðum. Enginn einræðisherra myndi berjast fyrir slíku. Enginn svokallaður „sterkur leiðtogi“. Allt svona er hins vegar á óskalista þeirra sem vilja einlæglega, í samvinnu við aðra, vinna að bættum hag almennings.

## Saga íslenskrar orku

Á Íslandi er deilt um þriðja orkupakkann í gnaudandi vindi. Mikið ótrúlega er andstaða sumra við það framfaramál einmitt skýrt dæmi um þetta: Löngun sumra til að ráðskast með þjóðarhag án afskipta annarra er óstjórnleg. Hver hefur jú saga íslenskra orkumála verið? Hún er að stórum hluta saga sóunar, yfirgangs og eyðileggingar. Þetta eru „okkar eigin“, verðmætu orkuaudlindir hafa misvitir stjórnálamenn á atkvæðaveiðum fullyrt í gegnum tíðina. Svo hafa þeir samviskulaust gefið orkuna — sem er fengin með eyðileggingu á stórkostlegri náttúru — til útlanda stórfyrirtækja í gegnum orkusamninga sem um aldir og ævi munu bera frekju þeirra og skammsýni vitni. Hér í eina tíð var aldrei talað um það að selja orku — hvað þá á markaðsvirði — heldur var iðulega rætt um að „afhenda“ hana. Svo rammt kvað að þessu, að stórfyrirtæki voru fengin hingað ekki bara með gjafverði á orku heldur líka með fjárfestingarsamningum sem undanskilja þessi fyrirtæki frá því að greiða helstu skatta og gjöld sem við öll hin þurfum undantekningalaust að standa skil á. Og þarna flæðir hún út orkan „okkar“, svokölluð, fyrir spottprís án þess að almenningur hafi nokkurn tímann verið spurður um það mál.

## Gæslumenn

Sumir virðast túlka inntak fullveldisins þannig, að fullveldið snúist fyrst og fremst um það að fáir Íslendingar

geti ráðskast áfram með auðæfi landsins. Almennar leikreglur um sölu á orku og hvernig samkeppnisumhverfi skuli hagað — í þágu neytenda og umhverfis — er hindrun á þessari leið. Sem betur fer er þessi fornfálega hugsun á undanhaldi. Um nokkurt skeið hafa faglegar stjórnir íslenskra orkufyrirtækja reynt að vinda ofan af hinum ótrúlegu samningum sem stjórnálamenn gerðu áður fyrr. Reynt er að þoka verðinu í átt að markaðsvirði, svo Íslendingar fái þó alla vega sanngjarnt verð fyrir gæðin. Orkusamvinna Evrópuríkja með númeruðum orkupökkum hjálpar mjög í þessu verki.

Líkt og í símamálum og ótal öðrum málum mun samvinna Evrópuríkja í orkumálum skila sér í bættum hag almennings. Hið myndna er hins vegar, að Ísland er ekki einu sinni beinn aðili að þessum markaði, því landið er ekki tengt með orku-streng við Evrópu. Andstaðan við þriðja orkupakkann er þess vegna þeim mun ótrúlegri. Í ljósi sögunnar er ekki hægt að skilja þessa andstöðu öðru vísi en svo, að hún spretti af því að gæslumenn sérhagsmuna — gæslumenn hinna ömurlegu orkusölu- og fjárfestingarsamninga — telji sér og sinni forneskjulegu pólitik ógnað.

## Samvinna gegn vám

Ég er orðinn þreyttur á því að hópar fólks telji sig knúna til þess — á grundvelli annarlegra sjónarmiða — að verja mig og aðra gegn auknum lífsgæðum, aukinni fjölbreytni,



Hver hefur jú saga íslenskra orkumála verið? Hún er að stórum hluta saga sóunar, yfirgangs og eyðileggingar.

meiri framþróun, samvinnu, árangri og jafnvel mannúð. Ég sé ákvörðun Kærnefndar útflendingamála um að útflendum nemanda í Hagaskóla og fjölskyldu hennar skuli vísað úr landi þessum sömu augum. Hér á, rétt eins og og í andstöðunni við orkupakkann, að verja okkur hin gegn einhverju.

Hverju? Jú, hér er kenning: Veröldin er öll að þróast í átt að samvinnu. Hið sammannlega er í vexti. Við deilum menningu. Við erum tengd í símanum í lófanum okkar. Þetta er gott. Ekkert vandamál heimsins verður leyst öðruvísi en með samvinnu. Stærsta vát þjóða er ekki sú að missa sjálfstæði sitt, heldur sú að sjálfstæðum þjóðum auðnist ekki að vinna saman. Þetta sjá flestir. Svona er þróunin. Það sem við verðum vitni að — á Íslandi, Bretlandi, Bandaríkjunum — er síðasta öskur frekjunnar. Hún er að missa tökin.

Beltone Trust™

# Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði — sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



**Ellefu ára bið Tigers Woods á enda**

Tiger Woods fagnar hér sigri sínum á Masters-móttinu sem er fyrsta risamótið í golfi karla á hverju ári. Tiger lék á 13 höggum undir pari á Augusta-vellinum í Georgíu um helgina og sú frammistaða skilaði honum fyrsta sigri á risamóti í ellefu ár og fyrsta sigri á Masters síðan árið 2005. NORDICPHOTOS/GETTY

**Elvar reyndist hetja liðsins**

Ísland og Norður-Makedónía mættust í annað skipti á fimm dögum í undankeppni EM 2020 í handbolta karla að þessu sinni í Skopje í gær. Aftur var leikurinn spennandi og úrslitin réðust undir lokin.

**HANDBOLTI** Ísland sótti Norður-Makedóníu heim í fjórðu umferð í undankeppni EM 2020 í handbolta karla í Skopje í gær. Eftir ofboðslega svekkjandi tap í leik liðanna í Laugardalshöllinni á miðvikudagskvöldið var íslenska liðið staðráðið í að ná í hagstæð úrslit.

Líklega voru fáir jafn áfjaddir í að eiga góðan leik og Ómar Ingi Magnússon sem gerði afdrifari- rík mistök undir lok leiksins hér heima. Það var ekki að sjá að mistökkin hefðu haft áhrif á Ómar Inga nema síður sé en hann var burðar- ás í sóknarleik íslenska liðsins.

Hann skoraði fyrsta mark Íslands í leiknum eftir laglegt gegnumbrot og eftir það lék hann við hvurn sinn fingur í sóknar- leiknum og stóð uppi sem markahæsti leikmaður Íslands með átta mörk.

Eftir jafnan og spennandi leik þar sem liðin skiptust á að hafa forystuna var Norður-Makedónía yfir þegar um það bil hálf mínúta var eftir af leiknum.

Ísland hélt í sína síðustu sókn í leiknum og eftir að boltinn hafði gengið á milli leikmann í útlínunni tók Elvar Örn Jónsson



Elvar Örn Jónsson jafnaði metin fyrir Ísland í lokasókn íslenska liðsins í leiknum í Skopje í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Undankeppni EM 2020**

**Norður Makedónía** 24-24 **Ísland**



(10-11)



**Mörk Íslands:** Ómar Ingi Magnússon 8, Elvar Örn Jónsson 5, Aron Pálmarrsson 3, Arnór Þór Gunnarsson 3, Ýmir Örn Gíslason 2, Ólafur Andrés Guðmundsson 2, Arnar Freyr Arnarsson 1.

**Varin skot:** Viktor Gísli Hallgrímsson 12, Ágúst Elí Björgvinsson 3.

af skarið og þrumaði boltanum í netið.

Mark Elvars Arnar tryggði Íslandi mikilvægt stig í riðlinum en eftir þessi úrslit eru Ísland og Norður-Makedónía jöfn að stigum með fimm stig á toppi riðilsins.

Ólafur Gústafsson sem leikur stórt hlutverk í varnarleik íslenska liðsins meiddist á þum- al fingri um miðjan fyrri hálfleik og kom ekkert meira við sögu í leiknum. Daniel Þór Ingason leysti hann af hólmi í miðjublokk liðsins og gerði það af stakri þrýði.

Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari íslenska liðsins, skipti um markvarðasveit liðsins á milli

leikja en Viktor Gísli Hallgrímsson og Ágúst Elí Björgvinsson tóku sæti Björgvins Páls Gústavssonar og Arons Rafn Eðvarðssonar sem varið hafa mark íslenska liðsins í áraradír. Viktor Gísli var einnig mjög góður í markinu, en hann varði 12 skot og Ágúst Elí Björgvinsson varði þrjú skot, þar af eitt vitakast.

Ísland mætir Grikklandi og Tyrklandi í síðustu tveimur umferðum undankeppninnar en tvö efstu sætin tryggja öruggt sæti í lokakeppninni og þriðja sætið gæti veitt þátttökurétt í umspili um laust sæti í móttinu.

hjoarvar@frettabladid.is

**Rut tryggði sér sæti í úrslitum**

**HANDBOLTI** Rut Jónsdóttir, landsliðskona í handbolta, og liðsfélagar hennar hjá danska liðinu Esbjerg tryggðu sér farseðilinn í úrslitaleik EHF-bikars kvenna í handbolta með sannfærandi 30-16-sigri sínum í seinni leik liðsins á móti Herning-Ikast í Danmörku í undanúrslitum keppninnar í gær.

Rut komst ekki á blað hjá Esbjerg í þessum leik en fyrri leik liðanna lauk með 23-20-sigri Esbjerg.

Esbjerg mætir ungverska liðinu Síófok í úrslitaleiknum en ungverska liði liðið lagði Viborg að velli í hinu undanúrsliteinvíginu.

Fyrri úrslitaleikurinn fer fram 4.-5. maí í Ungverjalandi og seinni úrslitaleikurinn 11.-12. maí í Danmörku. – hó

**Valur í úrslit annað árið í röð**

**KÖRFUBOLTI** Valur mun leika til úrslita um Íslandsmeistaratið kvenna í körfubolta annað árið í röð. Valskonur höfðu betur 84-81 í fjórða leik liðsins á móti KR í undanúrslitum í Origo-höllinni að Hlíðarenda í gær. Valur fór þar af leiðandi með sigur af hólmi 3-1 í einvíginu.

Valur leikur því til úrslita annað árið í röð en síðasta vor laut liðið í lægra haldi fyrir Haukum í baráttunni um Íslandsmeistaratið. Þá var Helena Sverrisdóttir í liði Hauka en hún freistar þess þú að verða meistari annað árið í röð, nú í Valsbúningum.

Fjórði leikur Stjórnunnar og Keflavíkur stóð yfir þegar blaðið fór í prentun en staðan í þeirri rímmu var 2-1 Stjórnunni í vil fyrir leik liðanna í Garðabænum. – hó

**Úrslitin ráðast hjá Martin**

**KÖRFUBOLTI** Martin Hermannsson og liðsfélagar hans hjá þýska liðinu Alba Berlin mæta spænska liðinu Valencia í kvöld í þriðja leik liðanna í úrslitum Evrópubikarsins í körfubolta karla á Spáni.

Staðan í einvíg liðanna er jöfn 1-1 en hafa þarf betur í þremur leikjum til þess að verða meistari og því er um hreinan úrslitaleik að ræða í Valencia í kvöld.

Martin hefur látið mikið að sér kveða í fyrstu tveimur leikjunum en hann var næst stigahæstur með 16 stig í tapi Alba Berlin í fyrsta leiknum og skoraði svo 14 stig þegar lið hans jafnaði metin með sigri eftir framlengdan leik í Berlín á föstudagskvöld.

Alba Berlin hefur náð góðum árangri á fyrstu leiktíð Martins með liðinu en liðið tapaði í bikarúrslitum, er í toppbaráttu deildarkeppninnar og getur tryggt sér sigur í Evrópubikar- num.

Liðið sem fer með sigur af hólmi í þessum leik og hampar titilinum tryggir sér sæti í Evrópu- deildinni á næsta keppnis- tímabili. – hó



# FERÐUMST BETUR SAMAN

## - ALLAR - FERÐATÖSKUR

**SENNHEISER**  
Bluetooth heyrnartól  
með "Noise-canceling"  
Verð áður: 24.990.-



**30%  
AFSLÁTTUR**

Ferðapúði Memory Foam  
**TILBOÐSVERÐ: 2.799.-**  
Verð áður: 3.999.-



**SENNHEISER**  
Bluetooth heyrnartól í hulstri  
með "Noise-canceling"  
og hljóðnema  
Verð áður: 47.990.-

Ferðapúði með míkro perlum  
**TILBOÐSVERÐ: 2.260.-**  
Verð áður: 3.229.-



**30%  
AFSLÁTTUR**



**30%  
AFSLÁTTUR**




Innanklæðaveski  
RFID varin  
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.399.-**  
Verð áður frá: 1.999.-


**30%  
AFSLÁTTUR**



Innanklæða mittistaska  
**TILBOÐSVERÐ: 1.511.-**  
Verð áður: 2.159.-



Íbúðaskipti  
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**  
Verð áður: 3.899.-



Ævintýraeyjan  
Tenerife  
**TILBOÐSVERÐ: 2.499.-**  
Verð áður: 2.899.-

**30%  
AFSLÁTTUR**




Ferðapúði fyrir börn  
**TILBOÐSVERÐ: 1.399.-**  
Verð áður: 1.999.-

**30%  
AFSLÁTTUR**



RFID varið hulstur  
fyrir vegabréf  
**TILBOÐSVERÐ: 1.399.-**  
Verð áður: 1.999.-

## ALLAR FERÐAHANDBÆKUR



**20%  
AFSLÁTTUR**

**30%  
AFSLÁTTUR**



Ferðasokkar  
(S/M - L/XL)  
**TILBOÐSVERÐ: 2.449.-**  
Verð áður: 3.499.-

**30%  
AFSLÁTTUR**

Ferðatöskuvigt  
**TILBOÐSVERÐ: 2.099.-**  
Verð áður: 2.999.-

**15%  
AFSLÁTTUR**



Hleðslutæki og orkubanki  
USB (3.000 mAh)  
**TILBOÐSVERÐ: 8.499.-**  
Verð áður: 9.990.-

**15%  
AFSLÁTTUR**



Hleðslutæki 4 x USB  
**TILBOÐSVERÐ: 5.949.-**  
Verð áður: 6.999.-

**15%  
AFSLÁTTUR**



Hleðslunúrur í úrvali  
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 2.957.-**  
Verð áður frá: 3.479.-

**15%  
AFSLÁTTUR**



Háhraða hleðslubanki  
2 x USB (10.400 mAh)  
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 8.492.-**  
Verð áður frá: 9.990.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvalлагötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is  
Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 15. apríl, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi Max-deild karla 2019



1. ?	7. ?
2. ?	8. ?
3. ?	9. ?
4. ?	10. ?
5. ?	11. <b>Grindavík</b>
6. ?	12. <b>HK</b>

## HK hafnar í 12. sæti

Fréttablaðið spáir því að HK sem er annar nýliðanna í deildinni muni falla úr deildinni og verma botnsætið næsta haust. Liðið hefur ekki náð að styrkja sig nægilega mikið að mati spámannanna blaðsins og þá hafa úrslit í leikjum sem HK hefur leikið á undirbúningstímabilinu ekki blásið þeim bjartsýni í brjóst sem tóku þátt í spánni.

## Álitsgjafinn segir Kristján Guðmundsson

HK verður að halda sig við það leikskipulag sem liðið lék eftir í Inkasso-deildinni á síðustu leiktið og varð til þess að liðið komst upp í efstu deild.

Liðið spilaði einfaldan bolta sem virkaði afskaplega vel og HK-ingar mega ekki hvika frá því skipulagi sama hvað gerist á keppnistímabilinu í sumar. Þó svo að liðið tapi einhverjum leikjum sem er viðbúið má þjálfarateymið og þeir sem standa nærri liðinu ekki örvænta og kollvarpa því hvernig þeir leggja upp leikina. Varnarlinan gæti orðið vandamál hjá liðinu.

Hitað verður upp fyrir deildina á [Fréttablaðið.is](http://Fréttablaðið.is)

## Tölfræði sem skiptir máli

**15** HK fékk á sig 15 mörk í 5 leikjum í Lengjubikarnum.

**1** Liðið skoraði einungis eitt marki í riðlakeppni mótsins.

## Nýju andlitin

Arnþór Ari Atlason frá Breiðabliki Aron Kári Aðalsteinsson frá Blikum Björn Berg Bryde frá Stjórnunni Emil Atlason frá Þrótti Reykjavík

## Fylgstu með þessum

Arnþór Ari Atlason færði sig um set í Kópavoginum síðasta haust. Hann verður í lykilhlutverki í miðjuspili HK og hann á að sjá um að skapa færi fyrir liðið.

GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL 2018 B-DEILD | 2017 B-DEILD | 2016 B-DEILD | 2015 B-DEILD | 2014 B-DEILD | 2013 C-DEILD |



## Enska úrvalsdeildin

### Tottenham - H'field 4-0

1-0 Victor Wanyama (24.), 2-0 Lucas Moura (27.), 3-0 Moura (87.), 4-0 Moura (90.).

### Brighton - B'mouth 0-5

0-1 Dan Gosling (33.), 0-2 Ryan Fraser (55.), 0-3 David Brooks (74.), 0-4 Callum Wilson (82.), Junior Stanislas (90.).

### Burnley - Cardiff 2-0

1-0 Chris Wood (31.), Chris Wood (90.).

### Fulham - Everton 2-0

1-0 Tom Cairney (46.), 2-0 Ryan Babel (69.).

### Southampton - Wolves 3-1

1-0 N. Redmond (2.), 1-1 Willy Boly (28.), 2-1 N. Redmond (30.), 3-1 Shane Long (71.).

### Man.Utd - West Ham 2-1

1-0 Paul Pogba (viti) (19.), 1-1 Felipe Anderson (49.), 2-1 Paul Pogba (viti) (80.).

### C. Palace - Man.City 1-3

0-1 Raheem Sterling (15.), Sterling (63.), 1-2 L. Milivojevic (81.), 1-3 Gabriel Jesus (90.).

### Liverpool - Chelsea 2-0

1-0 Sadio Mané (51.), 2-0 Mo Salah (53.).

## Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Liverpool	34	26	7	1	77-20	85
Man.City	33	27	2	4	86-22	83
Tottenham	33	22	1	10	64-34	67
Chelsea	34	20	6	8	57-36	66
Man.Utd	33	19	7	7	44-19	64
Arsenal	32	19	6	7	65-40	63
Leicester	34	14	5	15	46-46	47
Wolves	33	13	8	12	41-42	47
Everton	34	13	7	14	46-44	46
Watford	32	13	7	12	47-47	46
West Ham	34	12	6	16	42-52	42
B'mouth	34	12	5	17	49-61	41
C. Palace	34	11	6	17	39-45	39
Burnley	34	11	6	17	42-60	39
Newcastle	34	10	8	16	32-43	38
S'ton	33	9	9	15	39-54	36
Brighton	32	9	6	17	32-51	33
Cardiff	33	8	4	21	28-63	28
Fulham	34	5	5	24	32-76	20
H'field	34	3	5	26	19-67	14

## Okkar menn

### Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi

**Everton**  
**Gylfi Þór Sigurðsson**  
Spilaði lungann úr leiknum þegar Everton tapaði övænt fyrir Fulham.



**Burnley**  
**Jóhann Berg Guðm.**  
Sat allan tímann á bekknum í sigri Burnley gegn Cardiff City.



**Cardiff City**  
**Aron Einar Gunnarsson**  
Lék allan leikinn fyrir Cardiff þegar liðið tapaði fyrir Burnley.



**Aston Villa**  
**Birkir Bjarnason**  
Spilaði ekki í sigri Aston Villa gegn Bristol City.



Sadio Mané skorar hér fyrra mark Liverpool í 2-0 sigrinum gegn Chelsea í gær en hann hefur nú skorað 18 mörk í deildinni á yfirstandandi leiktið sem er einu marki

# Staða mála breyttist ekkert á toppnum eftir þessa umferð

Liverpool og Manchester City báru bæði sigur úr bítum í leikjum sínum í 34. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla í gær. Staðan breyttist því ekkert á toppnum en skipan liðanna sem berjast um sæti í Meistaradeildinni er örlítið önnur eftir helgina.

**FÓTBOLTI** Störukeppni Liverpool og Manchester City á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla hélt áfram um nýliðna helgi. Manchester City vann nokkuð þægilegan sigur þegar liðið mætti Crystal Palace. Liverpool og Chel-

sea áttust síðan við í stórleik helgarinnar á Anfield.

Það er jafn víst og að sólin komi upp á morgnana að framlína Liverpool er skipuð þeim Roberto Firmino, Mohamed Salah og Sadio Mané séu þeir allir heilir og mikið er undir hjá Liverpool. Þeir tveir síðastnefndu skoruðu mörk Liverpool í 2-0 sigri Liverpool í leiknum.

Eftir markalausum fyrri hálfleik þar sem Chelsea beit vel frá sér gerðu Mané og Salah út um leikinn með falgum mörkum sínum í upphafi síðari hálfleiks. Jordan Henderson sem leikið hefur í öðru hlutverki í síðustu leikjum Liverpool en framan af leiktiðinni var arkitektinn að fyrri marki Liverpool sem kom eftir laglega og vel útfærða sókn.

Henderson hefur leikið sem sóknartengiliður í leikjum Liverpool gegn Southampton í deildinni og Porto í fyrri leik liðanna í átta

## Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

### Stærstu úrslitin

Bournemouth, Burnley og Southampton stigu öll stórt skref í átt að því að tryggja sér sæti í efstu deild á næsta keppnistímabili með sigrum í leikjum sínum um helgina. Bournemouth vann Brighton sem er í slæmri stöðu og Burnley lagði Cardiff City að velli sem er í fallsæti.

### Hvað kom á óvart?

Fulham sem er nú þegar fallið úr deildinni sýndi dauðakipp með því að bera sigurorð af Gylfa Þór Sigurðssyni og liðsfélögum hans hjá Everton. Lærissveinar Marco Silva hjá Everton hafa ekki náð að sýna stöðugleika í vetur og þessi úrslit eru skýrt dæmi þess. Liðið hafði reyndar haft betur í síðustu þremur leikjum sínum fyrir þennan tapleik.

### Mestu vonbrigðin

Brighton fékk slæman skell þegar liðið fékk Bournemouth í heimsókn en liðið er rétt fyrir ofan fallsvæði deildarinnar. Til þess að bæta gráu ofan á svart var Anthony Knockaert vísað af velli með rauðu spjaldi í leiknum fyrir glórulausa tæklingu. Slæm úrslit undanfarið þýða að útlitið er svart hjá liðsmönnum Chris Hughton.

**LEIÐ**

MÁNUDAGUR 15. APRÍL 2019

Lífsstíll



Alexander Edelstein er af merkri tónlistarætt og ber ættarnafn sitt með stolti. Hann ákvað í barnæsku að verða píanisti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Má ekki puttabrjóta sig fyrir páska

Píanistinn Alexander Edelstein er ein af vonarstjörnum Íslands í sígildri tónlist. Hann renndi sér á brettum fram af húspökum á unglingsaldri en ætlar að flytja einn af fegurstu píanókonsertum sögunnar um páskana. ➔2

**NUTRILENK**  
öflugur liðstyrkur





Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



Það erfiðasta við að vera píanísti er fullkomunaráráttan. Maður sættir sig illa við annað en að spila af fullkomnun,“ segir einleikarinn Alexander Edelstein sem sest í tvgang við flygilinn um páskana til að flytja einn fegursta píanókonert sögunnar; píanókonert nr. 20 í d-moll eftir Wolfgang Amadeus Mozart.

„Ég hlakka mikið til. Verkið tekur rúman hálf tíma í flutningi, sem er mjög spennandi og mikil áskorun. Ég byrjaði að æfa konertinn strax í fyrrasumar svo ferlið hefur verið langt en allan tímann skemmtilegt. Það er hefð hjá einleikurum að flytja verkin nótnalaust og því hef ég lært það utan að og nota engar nótur,“ upplýsir Alexander.

Hann óttast í engu að fipast á nótnaborðinu í strembnum hálf tíma píanóslættinum.

„Nei, það geri ég ekki og ef hugur manns dveldi við slíkt ykist hætta á því að maður slægi feilnótu. Þetta er vitaskuld heilmikil pressa og maður þarf að vera afar varkár þegar maður lærir tónverk utan að. Þá má ekki eingöngu reida sig á vöðvaminnið, að puttarnir viti hvað þeir gera næst, heldur spilar hljómfræði og margt fleira inn í. Mestu skiptir þó að tónlistarlega sé flutningurinn gefandi og músíkalskur,“ segir Alexander, hvergi banginn.

### Með tónlist í æðunum

Alexander verður 21 árs í mái. Honum er tónlistin í blóð borin og í æðum hans rennur blóð tónlistarfólks sem setti mark sitt á íslenska tónlistarsögu.

„Langafi minn, Heinz Edelstein, var virtur sellóleikari og tónvísindamaður sem kom til Íslands þegar hann flúði nasismann í Þýskalandi. Hann fór svo aftur utan til að sækja fjölskylduna og hafði mikil áhrif á íslenskt tónlistarlíf, stofnaði Barnamúsíkskólann sem nú er Tónmenntaskóli Reykjavíkur og kenndi kennarafnum í Kennaraskólanum tónlist og tónlistaruppeldi, ásamt því að vera fyrsti sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands og fleiri hljóm-sveitum fyrir stofnun hennar,“ upplýsir Alexander sem ber stoltur nafn forföður síns.

„Já, ég er ákaflega stoltur af að vera afkomandi hans og að bera ættarnafn sem er svo samofið tónlist. Þabbi minn, Kristján Edelstein, er kunnur gítarleikari sem bæði kennir, útsetur og spilar tónlist, og föðursystkini mín Daniel og Ylfa lærðu einnig á hljóðfæri, selló og fiðlu, og ólust upp við gott tónlistaruppeldi, rétt eins og ég sjálfur. Öll hafa þau sýnt mér mikla hvatningu og dýrmætan stuðning í hvívetna á leið minni á tónlistarbrautinni,“ segir Alexander sem lærði fyrst á selló og síðan gítar á æskuárunum.

„En ég fann mig í hvorugu og það var ekki fyrr en ég fór í fyrsta píanótímann að ég var kominn á rétta hillu, þá ellefu ára. Eftir það var ég staðráðinn í að fara í háskólanám í píanóleik og þurfti aldrei að segja mér að setjast niður við píanóið til að æfa, ég hafði alltaf brennandi löngun til þess og finnst það enn óendanlega gaman.“

### Fórnirnar eru vel þess virði

Alexander er fæddur og uppalinn á Akureyri. Í haust flutti hann til Reykjavíkur ásamt kærustunni Andreu Ósk Margrétardóttur og hóf nám við einleikaradeild Listaháskóla Íslands. Þau eru listelskt par því Andrea stefnir á nám í fatahönnun.



Alexander segir stundum geta verið einmanalegt að sitja löngum stundum einn við píanóæfingar en þó elski hann að æfa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Polinmæði, sjálfsgá og ástríða eru góðir kostir píanista, segir Alexander.

„Dæmigerður dagur í lífi háskólanema hefst á bóklegum fögum fyrir hádegi og allir píanistar fá einn píanótíma í viku, auk hóptíma og masterklass. Síðan fer restin af deginum í að æfa sig en mér finnst best að setjast við píanóið eftir klukkan fimm á daginn og kvöldin nýtast mér best. Suma kafla þarf að æfa alloft en ég æfi mig í skólanum og trufla því enga ergilega nágranna með endurteknum æfingum,“ segir Alexander kíminn.

Alls eru nú átta píanistar í einleiksnámi við Listaháskólann.

„Það getur verið ansi einmanalegt að vera alltaf einn í herbergi að æfa sig í sex tíma á dag og þá er gott að vita af fleirum sem eru á sama báti. Við einleiksnemarnir spjöllum mikið um tónlistina og lífið og eigum það sameiginlegt að vita hversu mikil vinna það er að feta þessa braut. Því fylgir auðvitað einhver förn og maður kemst ekki alltaf til þess að gera allt sem manni langar til en þegar upp er staðið finnst mér það allt þess virði,“ segir Alexander sem hefði snúið sér að sálfræði ef píanóið ætti ekki hug hans allan.

„Píanónámið er það eina sem ég hef alltaf stefnt að og ég stefni ótrouður á meistaranám ytra að BA-náminu loknu. Mér finnst svo gefandi að spila þessa mögnuðu tónlist sem hefur mótað mig sem

Fjögur tónskáld eru í mestu metum hjá Alexander.

„Efstur á blaði er Beethoven, en svo að sjálfsgöðu Mozart, Bach og Schubert. Ekkert eitt tónverk er í mestu dálæti hjá mér en ég held mikið upp á Goldberg-tilþrífni eftir Bach og síðustu píanósónötu Schuberts, svo eitthvað sé nefnt. Það fyrrnefnda hlusta ég mikið á í bilnum þessa dagana,“ upplýsir Alexander.

„Enginn einn umfram annan hefur heldur haft áhrif á mig sem tónlistarmann, en að fara á góða tónleika og hlusta á flotta listamenn getur virkað mjög hvetjandi. Þá langar mig helst að fara strax inn í æfingarherbergi og leika af fingrum fram,“ segir Alexander sem hefur aðeins fengist við að semja tónlist og þvertur ekki fyrir að gera meira af því í framtíðinni.

Hann velkist ekki í vafa um hvaða klassíska tónverk hann mælir með að allir kynni sér einu sinni á lífsleiðinni.

„Það er verkið Myndir á sýningu eftir Mussorgsky. Magnað verk!“

### Ofurhugi á hjólabretti

Alexander á yngri systur og tvíburabróðurinn Sólon Arnar sem nú leggur stund á nám í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri.

„Sólon lærði lengi vel á gítar og gripur enn í gítarinn. Við eigum margt sameiginlegt, eins og fluguveiði og förum oft að renna fyrir fisk með félögum okkar á sumrin. Þar er Eyjafjarðará klárlega í uppáhaldi,“ segir Alexander og hlakkar til komandi veiðiferða í sumar.

Á unglingsárunum vöktu þeir bræður mikla athygli sem ofurhugar á hjólabrettum.

„Við renndum okkur iðulega fram af húspökum af mátulegu kæruleysi unglingsáranna en ég tek ekki áhættuna á að handleggseða puttabrjóta mig í dag. Það er of mikið í húfi og ég get lofað að ég fer ekki á bretti fyrir tónleikana fram undan!“ segir Alexander hlátur-mildur.

Hann hlustar lítið á popp og rapp en stundum rokk.

„Þegar ég er búinn að æfa mig tímum saman á píanóið og vil ekki fara beint heim í klassíska hlustun finnst mér gott að dreifa huganum og hlusta á djass. Annars

Maður þarf að vera afar varkár þegar maður lærir tónverk utan af og þá má ekki reida sig á að puttarnir viti hvað þeir gera næst.

hef ég mikla þrá til að hlusta á klassíska tónlist og leitaði hana uppi á netinu þegar ég var barn. Það er kannski óvenjulegt af barni og unglingi en ætli ég sverji mig ekki í Edelstein-ættina með klassíska áhugann,“ veltir Alexander fyrir sér.

Hann segir píanóið verða eins og góðan vin.

„Hvert og eitt píanó hefur sinn persónuleika. Maður situr lengi við það og því fylgir ákveðin tilfinning. Því verða sum píanó betri og manni kærari en önnur.“

### Gefur sig allan við flygilinn

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands stendur fyrir tvennum stórtónleikum í páskavíkunni þegar tvö af stærstu verkum Mozarts verða flutt í Hofi á Akureyri og í Langholtskirkju í Reykjavík. Annað er Sálumessa Mozarts í flutning Kammerkórs Norðurlands og Söngsveitarinnar Filharmóníu en rúsinan í pylsuendanum er einleikur Alexanders sem spilar nyrðra á skírdag og syðra á föstudaginn langa.

„Tónlist Mozarts er fyrir alla, hvort sem fólk hlustar á klassíska tónlist heima eða ekki. Hún er falleg, spennandi og allt þar á milli og ég hvet fólk til að koma, lygna aftur augunum og njóta magnaðrar tónlistar,“ segir Alexander og lofar stórkostlegri tónlistarveislu.

„Tónlist Mozarts er uppfull af tilfinningum og ég reyni að njóta mín við píanóið og hugsa ekki of mikið. Ég einblíni bara á tónlistina og verð einbeittur við verkefnið. Einleikari þarf að setja líkama og sál í flutning sinn og ég mun gefa mig allan í verkið, upplifa það til fulls og njóta af ástríðu. Ef ég veit að ég hef gefið mig allan í flutninginn og útkoman var góð mun ég sannarlega standa sátturnar upp frá flyglinum.“

# SUMARIÐ NÁLGAST ALLT INNIFALIÐ MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



2042

214.900 KR.  
161.175 KR.



2020

287.900 KR.  
215.925 KR.



104

462.900 KR.  
347.175 KR.



6080

477.900 KR.  
358.425 KR.



115

451.900 KR.  
338.925 KR.



113

343.900 KR.  
257.925 KR.



117

367.900 KR.  
275.925 KR.



106

355.900 KR.  
266.925 KR.



2006

271.900 KR.  
203.925 KR.



114-1

430.900 KR.  
323.175 KR.



129-3

427.900 KR.  
320.925 KR.

ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ  
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

ÞARF AÐ ENDURNÝJA  
LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ  
HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á  
LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ  
OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM  
ERU FARNIR AÐ HALLA.



\*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.  
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4  
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin  
Legsteinar

SÍMI 555 3888  
GRANITHOLLIN.IS

Allir vinsælustu vöðlupökkarnir á einum stað - fyrir alla

# ÓVIÐJAFNANLEG VORTI



**VEGLEGUR KAUPAUKI:  
VEIÐIKORTIÐ 2019  
FYLGR MED FYRSTU  
100 VÖÐLUPÖKKUNUM**

**FERINGAR 2019  
HÉR ERU GJAFIRNAR.**

**NÝTT  
2019**

**NÝTT  
2019**

**NÝTT  
2019**



**REDINGTON  
Vöðlupakki  
CROSSWATER**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
REDINGTON PALIX SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**29.995 KR.**




**REDINGTON  
Vöðlupakki  
PALIX**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
REDINGTON PALIX SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**34.995 KR.**



**SIMMS  
Vöðlupakki  
FREESTONE**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
SIMMS FREESTONE SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**65.900 KR.**



**SIMMS  
Vöðlupakki  
TRIBUTARY**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
SIMMS FREESTONE SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**49.995 KR.**



**SIMMS  
Vöðlupakki  
TRIBUTARY  
Dömsnið**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
SIMMS FREESTONE SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**49.995 KR.**



**REDINGTON  
Vöðlupakki  
WILLOW  
Dömsnið**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
REDINGTON WILLOW SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**36.995 KR.**

**VINSÆLU REDINGTON  
FLUGUVEIÐIPAKKARNIR  
Á ÓVIÐJAFNANLEGU VORTILBOÐI**

*Aðeins í apríl  
eða á meðan  
birgðir endast*


**VANTAR ÞIG GÓÐA OG VANDAÐA  
FLUGUSTÖNG Í SAFNÐ?  
NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!**

**SAGE**



**FERINGAR 2019  
HÉR ERU GJAFIRNAR**

**REDINGTON  
CROSSWATER**  
VÖNDUÐ, MIÐHRÖÐ STÖNG Í FJÓRUM HLOTUM.  
STÖNGINNI FYLGIR GOTT REDINGTON FLUGUHJÓL  
MEÐ UPPSETTRI FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR.  
APRÍLTILBOÐ AÐEINS **23.995 KR.**  
FULLT VERÐ 29.995 KR. ÞÚ SPARAR 6.000 KR.



**REDINGTON  
PATH II**  
VÖNDUÐ, MIÐHRÖÐ STÖNG Í FJÓRUM HLOTUM. STÖNGINNI  
FYLGIR GOTT REDINGTON FLUGUHJÓL MEÐ UPPSETTRI  
FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR. LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ  
Á STÖNG FRÁ FRAMLEIÐANDA.  
APRÍLTILBOÐ AÐEINS **27.995 KR.**  
FULLT VERÐ 34.995 KR. ÞÚ SPARAR 7.000 KR.

*Við frygjum verð á öllum  
Sage flugustöngum  
og hjólum í apríl.*

**GAMLA GENGIÐ GILDIR TIL 1. MAÍ.  
NÁÐU ÞÉR Í SAGE Á GAMLA GENGINU.  
ÁÐUR EN ÞAÐ VERÐUR OF SEINT.**

**ALLAR SAGE  
FLUGUSTANGIR  
OG FLUGUHJÓL  
Á GAMLA GENGINU  
TIL 1. MAÍ.**



**REDINGTON  
VICE**  
KRAFTMIKIL, VÖNDUÐ STÖNG Í FJÓRUM HLOTUM.  
VANDAÐ REDINGTON FLUGUHJÓL MEÐ UPPSETTRI  
FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR. LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ  
Á STÖNG FRÁ FRAMLEIÐANDA.  
APRÍLTILBOÐ AÐEINS **39.995 KR.**  
FULLT VERÐ 49.995 KR. ÞÚ SPARAR 10.000 KR.



**REDINGTON  
MINNOW**  
VÖNDUÐ MIÐHRÖÐ STÖNG FYRIR YNGSTU FLUGUVEIÐI-  
MENNINA. 8 FETA STÖNG Í FJÓRUM HLOTUM. VANDAÐ  
HJÓL OG UPPSETT FLOTLÍNA FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR.  
APRÍLTILBOÐ AÐEINS **19.995 KR.**  
FULLT VERÐ 28.995 KR. ÞÚ SPARAR 6.000 KR.

**TFO NÝTT MERKI Í VEIÐIHORNINU**



**20% KYNNINGARAFSLÁTTUR  
Á ÖLLUM TFO FLUGUSTÖNGUM  
OG FLUGUHJÓLUM Í APRÍL.**

**GRÆJADU ÞIG UPP Í VEIÐIHORNINU**

# Garðar & hellulagnir

MÁNUDAGUR 15. APRÍL 2019

Kynningar: Norm X, Bauhaus



Atli Hermannsson, sölustjóri Normx, segir að pottarnir séu hannaðir á sigildan, úthugaðan og einfaldan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sígildir og vandaðir pottar fyrir íslenskar aðstæður

Íslenska fjölskyldufyrirtækið Normx framleiðir og selur vandaða heita potta og allt sem þeim tilheyrir. Pottarnir hafa sígilt útlit, eru sérlega endingargóðir og eru framleiddir á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður. Forsmiðaðar burðargrindur fyrir pottana hafa slegið í gegn. ➔2



Fyrir tveimur árum byrjaði Normx að selja forsmíðaðar burðargrindur fyrir pottana sem hafa slegið í gegn. Sparar bæði tíma og fyrirhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**N**ormx er íslenskt fjölskyldu-fyrirtæki sem framleiðir og selur heita potta og allt sem þeim tilheyrir. Normx er 40 ára gamalt dótturfyrirtæki vélsmíðjunnar Norma, en bæði fyrirtækin hafa verið í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi. Fyrirtækið framleiðir sjálfstætt pottana, sem eru heilsteyptir og sérhannaðir fyrir íslenskar aðstæður og það er stærst á markaðnum hérlandis. Fyrir tveimur árum byrjaði fyrirtækið svo líka að selja forsmíðaðar burðargrindur fyrir pottana, sem hafa slegið í gegn.

„Við fjöldaframleiðum þær á sama stað og við steypum pottana og þetta léttir mikið undir því það getur vafist fyrir fólki að ganga frá svona potti,“ segir Atli Hermannsson, sölustjóri Normx. „Smíðir sem sérhæfa sig í pallasmíði hafa líka kosið að nýta þessa þjónustu til að nýta tímann frekar í aðra hluti. Þetta sparar mikinn tíma og fyrirhöfn. Fólk getur svo klætt grindina í stíl við annað timbur sem það hefur og sniðið hana frekar að sínum þörfum.“

Pottarnir frá Normx hafa sígilda, úthugsaða og einfalda hönnun. „Þeir hafa aldrei verið í tísku og þar af leiðandi fara þeir aldrei úr tísku,“ segir Atli. „Margir vilja elta þetta Las Vegas-útlit, með marmara og hvaðeina, en við gerum það ekki og ég ráðlegg fólki að fá sér bara frekar sumarblóm til að skreyta í kringum pottinn.“

#### Kaldavatnspottur væntanlegur

„Kaldavatnspottar hafa notið aukinna vinsælda nýverið og við höfum fengið margar fyrirspurnir varðandi þá,“ segir Atli. „Fyrir vikið erum við að undirbúa smíði

þeirra og stefnum að því að vera komnir með sérsmíðaðan kaldan pott í sumar sem verður með sama útlit og okkar mest seldu pottar. Þeir verða áttíndir og ef fólk er með pott frá okkur getur það fengið kaldan pott sem hefur sama útlit og lit og lok í stíl.“

#### Mest seldi potturinn í ferðaþjónustunni

„Við erum með pott sem heitir Snorralaug sem er örugglega mest seldi potturinn í ferðaþjónustunni,“ segir Atli. „Þetta er pottur sem flestir kannast við sem hafa verið í sumarhúsum á vegum félagsamtaka, en það eru líka svona pottar fyrir framan öll sumarhúsin á Hótel Grimsborgum í Grímsnesi. Það eru líka nokkur íþróttafélög sem nota þá, þar á meðal Mjólnir.“

#### Nuddpottar fyrir íslenskar aðstæður

Þegar til stendur að fá sér heitan pott þarf að huga að fjölmörgum atriðum sem fólk áttar sig misvel á fyrirfram. Það er því mikils virði að geta leitað til sérfræðibekkingar starfsmanna Normx. „Margir endurhugsa hugmyndir sínar eftir að hafa komið til okkar og fengið góðar upplýsingar,“ segir Atli. „Með réttum aðferðum og góðri hönnun er hægt að minnka viðhald og hættu á skemmdum verulega.“

Margir sem koma til okkar hafa til dæmis átt innflutta potta sem hafa það sem við köllum rassaskálar. Okkar pottar hafa ekki slíkar skálar og því tæmast þeir algjörlega þegar vatnið er tekið úr þeim, ólíkt hinum,“ segir Atli. „Þetta auðveldar þríf mjög mikið og það er líka auðveldara að hreyfa sig



Normx framleiðir pottana, sem eru heilsteyptir og sérhannaðir fyrir íslenskar aðstæður. Engar rassaskálar og því tæmist potturinn algjörlega.

„Nuddpottarnir okkar hafa líka miklu færri stúta, sem hafa fyrir vikið meiri þrýsting, þannig að nuddið verður einbeittara og kraftmeira.“

Atli Hermannsson

um í pottunum okkar en mörgum öðrum. Þetta er meðal þess sem gefur pottunum okkar sérstöðu.

Flestallir nuddpottar á Íslandi eru innfluttir rafmagnspottar, þar sem þú ert með sama vatnið í hringrás. Við setjum hins vegar nuddkerfi í okkar hitaveitupotta, þar sem þú hendir alltaf út vatninu jafnóðum, en skynjarar í pottunum sjá til þess að það sé bætt í þá svo hitinn og vatnsmagnið viðhaldist,“ segir Atli. „Þetta minnkar þríf mjög mikið og eyðir þörfinni fyrir klörtöflur, sem þarf í hina pottana.“

Nuddpottarnir okkar hafa líka miklu færri stúta, sem hafa fyrir vikið meiri þrýsting, þannig að nuddið verður einbeittara og kraftmeira,“ segir Atli. „Lagna-leiðirnar eru líka mjög stuttar. Í heild eru þetta sirka tveir metrar afslöngum í staðinn fyrir milli 15 og 20, sem þýðir að þegar þú tæmist pottinn tæmist alveg úr lögnunum. Það kemur í veg fyrir að það komi skitugt vatn fyrst þegar á að fylla pottinn að nýju og eyðir hættunni á frostskeimmdum sem geta orðið á lögnunum ef vatn situr í þeim. Nuddkerfið okkar er enda framleitt fyrir íslenskar aðstæður.“

# Vor í lofti og verkin kalla



## Við bjóðum upp á landslagsráðgjöf

Björn Jóhannsson landslagsarkitekt gefur góð ráð við útfærslu hugmynda og aðstoðar við efnisval. Viðskiptavinur fær teikningu með hugmyndum samdægurs og um viku síðar þrívíddarútfærslu með efnislista, magntölum og verðtilboði. **Pantaðu tíma í síma 412 5050 eða á [sala@bmvalla.is](mailto:sala@bmvalla.is)**

Kynntu þér úrvalið af fallegum hellum og garðeiningum á [bmvalla.is](http://bmvalla.is) og fáðu góðar hugmyndir fyrir sumarið.

### Vínarsteinn

Vínarsteinn er vinsæll hjá þeim sem vilja ná fram náttúrulegum áhrifum, t.d. í görðum og á göngustigum.



Farsæl íslensk framleiðsla í yfir 50 ár - [bmvalla.is](http://bmvalla.is)



**BM·VALLÁ**

# Páskaliljur á leiði ástvinar

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma bjóða aðstandendum ýmsa þjónustu er viðkemur umhirðu og viðhaldi á leiðum. Erfiðara hefur þó reynst að fá sumarfólk til vinnu í görðunum en áður.

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



**K**ári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur, segir að fólk ætti að huga að leiðum ástvina sinna fljótlega. Aðallega að hreinsa, taka jólagreinar og annað rusl sem borist hefur í leiðin. „Núna er ekkert frost í jörðu og þess vegna mjög gott að hreinsa beðið,“ segir hann. „Páskarnir eru óvenju seint núna og það hafa verið margir á ferð í görðunum, enda veðið ágætt til útiveru. Sumarblómin eru þó ekki sett niður fyrr en í lok maí. Fólk kemur gjarnan með vor-erikur núna. Einnig er hægt að fá páskaliljur í pottum sem fallett er að hafa um páskana. Einungis þarf að passa að vera með plöntur sem þola kulda,“ segir Kári. Gæta þarf þó að því að klippa ekki fjölærar jurtir og runna of snemma. Það gæti verið slæmt fyrir plönturnar ef kólnar með frosti,“ segir hann.

Kári segir að starfsfólk í garðvinnu geti aðstoðað fólk að einhverju leyti við að gera leiði sem hefur verið í vanrækslu fallettri. Það sé hins vegar færra starfsfólk núna í sumar en verið hefur. „Við höfum í rauninni ekki mannskap til að taka leiði í gegn en reynum að aðstoða eftir þörfum. Það er hægt að panta hjá okkur ákveðnar samsetningar á sumarblómum og við sjáum um að setja þau niður. Hægt er að skoða samsetninguna á heimasíðu kirkjugarðanna, kirkjugardar.is, og sjá verðin. Sumarstarfsmenn í öllum kirkjugörðum í Reykjavík og Kópavogi eru tæplega 80 en voru á bilinu 120-150 á árum áður. Við biðlum því til fólks að þrifa eftir sig þar sem of mikill tími hjá okkur fer í að hreinsa garðana í staðinn fyrir að hugsa um gróðurinn. Stóra vandamálið hjá okkur er rusl í garðinum. Fólk er duglegt að koma með ýmsa skrautmuni sem síðan fjúka um garðinn.“

Þegar Kári er spurður hvort það séu einhver blóm eða runnar sem fólk ætti að forðast að setja niður, svarar hann: „Það ætti ekki að setja



Misjafnt er hversu duglegt fólk er að hugsa um leiði ástvina sinna. Sumir halda öllu hreinu og finu á meðan aðrir koma sjaldnar. Það er fallett að setja páskaliljur eða erikur í potta hjá látnum ástvinum fyrir páskana.



Kári segir að nú sé rétti tíminn til að hreinsa til í kirkjugörðum. MYNDIR/ERNIR

“Fólk kemur gjarnan með vor-erikur núna. Einnig er hægt að fá páskaliljur í pottum sem fallett er að hafa um páskana. Einungis þarf að passa að vera með plöntur sem þola kulda.

niður plöntur sem dreifa sér. Smá-vaxnir runnar eða plöntur henta best. Aðrar plöntur þurfa mikla umönnun. Við mælum heldur ekki með því að fólk setji litla hvíta steina í leiðin. Þeir grána fljótt, taka í sig gömul lauf og alls kyns óhreinindi. Það er erfitt að halda þeim fallettum. Stundum erum við meðin um að þvo þessa steina

en það gerum við ekki svo það er nauðsynlegt að endurnýja þá oft. Við mælum frekar með að fólk noti íslenskan, gráan sand sem auðvelt er að þrifa og ódýrt að endurnýja og setji blómin frekar í ker eða potta, þá sleppur það frekar við illgresisvandamál.“

Misjafnt er hversu duglegt fólk er að huga að leiðum ástvina og Kári segir að margir mættu vera duglegri við það. Á tímabili var talsvert um að fólk kæmi með fana á leiðin en Kári segir að sem betur fer hafi talsvert dregið úr því. „Það er alltaf gaman að sjá falletta skreytt leiði og vel um hirt,“ bætir hann við en í öllum görðunum eru vatnspóstar og vökvunarkönnur sem aðstandendur geta notað. Garðyrkjuáhöld eru einnig lánuð eftir þörfum. Ruslatunnur fyrir ólífrænt rusl og kassar fyrir lífrænan úrgang eru einnig víða í öllum görðum.

limtrevirnet.is

## Bjóðum vætuna velkomna

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar traustu og fallegu Lindab þakrennur.

 **Límtré Vírnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes  
Söluskrifstofa - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík

Netfang - sala@limtrevirnet.is



Hortensía þolir að vera í stórum potti.

### Falleg hortensía

Það er mjög fallett að setja hortensíu í potta utandyra. Þær eru til í nokkrum litum og blómstra mikið og lengi. Vinsælustu litirnir eru bláir tónar, bleikir eða hvítir. Hortensían þrífst ekki í kulda svo hún getur einungis verið úti yfir sumarmánuðina, helst á sólríkum og skjólgóðum stað. Ekki þarf að gefa plöntunni áburð nema einu sinni í mánuði.

# Fasteignablaðið

15. TBL. MÁNUDAGUR 15. APRÍL 2019

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS

**heimili**  
fasteignasala  
á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnboi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



## Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



**Ingólfur Geir Gissurarson**  
Frámkvæmdastjóri, lögg.  
fasteignasali og leigumíðlari  
896 5222

**Heiðar Friðjónsson**  
Sölustjóri  
Löggiltur fasteignasali B.Sc  
693 3356

**Herdis Valb. Hölldóttir**  
Lögræðingur  
og löggiltur fasteignasali  
694 6166

**Úlfar F. Jóhannsson**  
hdl. Lögræðingur, Löggiltur  
Fasteignasali. Skjalagerð.



**Margrét Sigurgeirsdóttir**  
Skrifstofustjóri  
margret@valholl.is  
588 4477

**Pétur Steinar Jóhannsson**  
Aðstoðarm.  
fasteignasala  
Snæfellsnesi  
893 4718

**Anna F. Gunnarsdóttir**  
Lita og innanhús  
Stilisti.  
Löggiltur fasteignasali  
892 8778

**Sturla Pétursson**  
Löggiltur fasteignasali  
899 9083

**Snorri Snorrason**  
Löggiltur Fasteignasali.  
Útibú Höfn í Hornafirði.  
895-2115



**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA  
Síðan 1995

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

## Gott fjölskylduhús í Árbæ

Heimili fasteignasala kynnir fjölskylduhús á góðum stað í Árbæ.

Um er að ræða raðhús á tveimur hæðum ásamt risi við Brúarás 13. Tveir innangangar eru í húsið og möguleiki á aukaíbúð á jarðhæðinni.

Húsið er bjart, vel skipulagt og vandlega innréttað. Á efri hæð er björt stofa og borðstofa með góðri lofthæð. Sjónvarpsstofa er á neðri hæð og möguleiki á fjórum til fimm svefnherbergjum.

Íbúðarrými er 208,8 fermetrar og tvöfaldur bílskur með millilofti 42 fermetrar. Bílastæði og stéttir með bræðslukerfi.

Aðalinnangangur er á fyrstu hæðina. Komíð er inn í flísalagða forstofu. Á hæðinni er opið, fallett eldhús yfir í parketlagðar stofur. Búr er inn af eldhúsi. Úr stofu er gengið út á svalir og þaðan niður



Birta og fegurð streymir inn um stóra og háa stofugluggana í Brúarás 13 og hægt er að opna þaðan út á svalirnar ofan við fallegan garðinn.

á hellulagða verönd í afgirtum bakgarði með sólþöllum. Hjóna-herbergi er með fataherbergi og þaðan er innangengt á bað.

Á jarðhæð er sérinnangangur. Komíð er inn í flísalagða forstofu með fataskápum og flisum á gólf. Baðherbergi er flísalagt með baðkari, sturtu og gufubaði. Tvö rúmgóð svefnherbergi og úr öðru þeirra útgengt á verönd í suðaustri. Undir stiga er geymslurými.

Á rispalli er teppalögð koníaksstofa með fallegu handriði. Inn af er stórt gluggalaust herbergi en mögulegt að bæta við þakglugga og gera tvö svefnherbergi í risinu. Fallegur stigi tengir saman hæðirnar þrjár og setur fallegan svip á húsið. Opið hús er í dag frá 17.30 til 18.

Heimili fasteignasala er á Grensásvegi 3., Sími 530 6500. Sjá heimili.is

### Fasteignasala Mosfellsbæjar

EINAR PÁLL KJÆRNSTED LÖGG. FASTEIGNASALI  
KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 • WWW.FASTMOS.IS

**Svanþór Einarsson**  
Lögg. Fasteignasali • S: 698-8555

**Sigurður Gunnarsson**  
Lögg. Fasteignasali • S: 899-1987

#### Stórkriki 10 - 270 Mosfellsbær

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

Fallett 225,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum bílskur. Húsið skiptist forstofu, hjónah. með bað- og fataherbergi, þrjú barnah., stórt alrými sem skiptist í eldhús og borðstofu, stofu, baðh., gestasnyrtingu og þvottahús. Úr þvottahúsi er innangengt inn í bílskurinn sem er með geymslulofti og mikilli lofthæð. Tvær hellulagðar verandir og garður í suðurátt. **V. 95,5 m.**

#### Miðleiti 4, íbúð 402 - 103 Reykjavík

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Falleg og rúmgóð 120,7 m<sup>2</sup>. 3-4ra herbergja íbúð á 4. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu. Eignin er skráð 146,1 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 120,7 m<sup>2</sup> og bílastæði í bílageymslu 25,4 m<sup>2</sup>. Íbúðin skiptist í anddyri, hol, samliggjandi stofur, tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Sér geymsla í sameign og stæði í bílastæðahúsi. **V. 53,9 m.**

#### Laugarnesvegur 112, íbúð 203 - 105 Reykjavík

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 18:00 til 18:30**

65 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á 2. hæð við Laugarnesveg 112 í Reykjavík. Eignin er skráð 65 m<sup>2</sup>, íbúð 60,3 m<sup>2</sup> og geymsla 4,7 m<sup>2</sup> og skiptist í stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi. **V. 33,9 m.**

#### Sölkugata 3 - 270 Mos.

**Laust við kaupsamning** **Hringdu og bókaðu skoðun**

Fallett 213,7 m<sup>2</sup> parhús á einni hæð með bílskur á fallegum stað í útjaðri byggðar. Eignin skilast fullbúin að utan og tilbúin til innréttinga að innan með grólfafnaðri lóð. Fjögur svefnherbergi, eldhús, stofa og borðstofa, baðherbergi, gestasnyrting, þvottahús, forstofa, geymsla og bílskur. **V. 73,9 m.**

#### Gerplustræti 31 - 270 Mos.

**Laust strax**

Ný 125,4 m<sup>2</sup>, 5 herbergja íbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi við Gerplustræti 31-37. Fjögur svefnherbergi, forstofa, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofa og borðstofa. Sérgeymsla í kjallara. **V. 53,9 m.**

#### Fálkagata 15 - 107 Reykjavík

**Laust strax**

3JA HERBERGJA ÍBÚÐ ÁSAMT AUKA ÍBÚÐARHERBERGI OG BAÐHERBERGI Á JARÐHÆÐ. Eignin er skráð 83,4 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 64,9 m<sup>2</sup>, íbúðarherbergi 14,1 m<sup>2</sup> og baðherbergi 4,4 m<sup>2</sup>. Íbúðin skiptist í tvö herbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Herbergi og baðherbergi á hæðinni. **V. 42,5 m**

#### Byggðarholt 1D - 270 Mosfellsbær

**Opið hús þriðjudaginn 16. apríl frá kl. 17:30 til 18:00**

**Laust fjótlega**

Mikið endurnýjað 158,9 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum. Á efri hæð er forstofa, 2 svefnherbergi, gestasnyrting, búr, eldhús og stofa. Í kjallara eru 2 herbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Hellulagt bílappan og fallgur afgirtur bakgarður með timburverönd í suðurátt. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á síðastu 1-2 árum. Eignin er skráð hjá Þjóðskrá Íslands 158,9 m<sup>2</sup>, þar af íbúðarherb í kjallara 79,2 m<sup>2</sup> og íbúð á hæð 79,7 m<sup>2</sup>. **V. 65,9 m.**

#### Krummahólar 8 - 111 Reykjavík

lést laugardaginn 30. mars.  
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju  
miðvikudaginn 17. apríl kl. 15.00.

Minningarathöfn og jarðsetning duftkers  
fer fram frá Akureyrarkirkju, 7. maí kl. 13.30.

**Mía og Nói Margeirs Ásrúnarborn**  
**Ana Karen Jiménez**  
**Halla Stefánsdóttir**  
**Sigurður Gestsson og Kristín H. Kristjánsdóttir**  
**Stefán Sigurðsson, Friðfinnur Sigurðsson,**  
**Antonia Hölludóttir**  
afar, amma og fjölskyldan öll.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Bragi Eggertsson**

húsgagnasmiðameistari,  
Stríkinu 4,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold  
miðvikudaginn 10. apríl. Útför hans fer  
fram frá Vídalínskirkju Garðabæ miðvikudaginn 17. apríl  
kl. 11. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Dynjanda á Ísafold  
og starfsfólk blóðskilunardeildar LSH.

**Helga Jóhannsdóttir**  
**Rósa Guðný Bragadóttir** **Ómar Örn Ingólfsson**  
**Jón Eggert Bragason** **Ásta Guðnadóttir**  
**Unnar Bragi Bragason** **Kristjana Ósk Traustadóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Til leigu** 160 fm. veitingarstaður,  
að fullu innréttaður,  
í Skeifunni.

Frábær staðsetning.

**Óskað er eftir** Skrifstofuhúsnæði  
í hverfi 101 til leigu.  
Stærð um 240-300 fm.

Mjög traustur leigutaki.



Nánari upplýsingar veitir:  
**Óskar H. Bjarnasen**, lögg. fasteignasali  
ohb@miklaborg.is sími: 691 1931

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lágmúla 4 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



## Glersalurinn veislusalur Salavegur 2 Kópavogi



**Til sölu** fasteign, rekstur og  
búnaður fyrir Glersalinn

Fallegur salur á efstu hæð með  
miklu útsýni

Stórar svalir og eldhús á staðnum

Góður rekstur í einum vinsælasta  
veislusal landsins

**Tilboð óskast**



Nánari upplýsingar veitir:  
**Svan G. Guðlaugsson**, lögg. fasteignasali  
svan@miklaborg.is sími: 697 9300

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lágmúla 4 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

Þú finnur draumastarfið á  
**Job.is**



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn



Kennsla

GLÆNÝ OG  
FERSK STÖRF  
Í HVERRI VIKU



**Job.is**



## Hrólffsskálamelur 5 til leigu | 170 Seltjarnarnes

Mjög falleg íbúð til leigu með stæði í bílageymslu í nýju lyftuhúsi og flottu útsýni á Seltjarnarnesi. Vandaðar innréttingar hannaðar af Berglindi Berndsen og Helgu Sigurbjarnardóttur.

Lofthæð er 2,85 m í stofu og í svefnherbergi. Fullkomið loftræsikerfi er í húsinu með bæði vélrænu útsogi og ferskloftsinnntöku sem tryggir góð loftskipti í íbúðinni.

Íbúðin er 74,1 m<sup>2</sup>, þar af er geymsla í sameign 9,3 m<sup>2</sup>.

Leiguverð er 260.000.- kr. á mánuði. Íbúðin er laus 1. maí 2019.

Hafið samband á [nyhofn@nyhofn.is](mailto:nyhofn@nyhofn.is) eða í síma 515 4500



Nýhöfn fasteignasala | Borgartúni 25 | 105 Reykjavík | Sími 515 4500 | [www.nyhofn.is](http://www.nyhofn.is)



## Bjallavað 17 | 110 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð endaíbúð með þvottahúsi innan íbúðar og góðum svölum. Stæði í lokaðri bílageymslu. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, öll með fataskápum upp í loft og parketi á gólfi. Íbúðin er á annarri hæð með sér inngangi af svölum.

Íbúðin getur verið laus mjög fljótlega. Gæludýr eru í húsinu.

Stærðin er 110,9 m<sup>2</sup>. Verð 49,9 milljónir.

Hafið samband á [nyhofn@nyhofn.is](mailto:nyhofn@nyhofn.is) eða í síma 515 450



Nýhöfn fasteignasala | Borgartúni 25 | 105 Reykjavík | Sími 515 4500 | [www.nyhofn.is](http://www.nyhofn.is)

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

<b>Reykjavík</b>  10   8 °C   °C ↑	<b>Ísafjörður</b>  5   10 °C   °C ↑	<b>Akureyri</b>  10   9 °C   °C ↑
<b>Egilsstaðir</b>  8   9 °C   °C ↑	<b>Kirkjubæjarkl.</b>  8   5 °C   °C ↓	<b>Hveravellir</b>  2   11 °C   °C ↑

Suðaustan-átt, 10-18 m/s en 8-15 m/s á morgun, hvassast með suðvesturströndinn. Talsverð rigning suðaustantil, dálítill væta um vestanvert landið, en yfirleitt léttskýjað norðanlands. Hiti víða 7 til 14 stig að deignum, hlýjast á Norðurlandi.

## Þriðjudagur

<b>Reykjavík</b>  9   16 °C   °C ↓	<b>Ísafjörður</b>  3   5 °C   °C ↓	<b>Akureyri</b>  10   3 °C   °C ↑
<b>Egilsstaðir</b>  8   14 °C   °C ↑	<b>Kirkjubæjarkl.</b>  8   13 °C   °C ↓	<b>Hveravellir</b>  3   16 °C   °C ↑

## Miðvikudagur

<b>Reykjavík</b>  6   7 °C   °C ↓	<b>Ísafjörður</b>  4   3 °C   °C ↓	<b>Akureyri</b>  6   1 °C   °C ↓
<b>Egilsstaðir</b>  6   4 °C   °C ↑	<b>Kirkjubæjarkl.</b>  7   6 °C   °C ↓	<b>Hveravellir</b>  3   9 °C   °C ↑

## LÉTT

1				5		6
		5	9	6		
8		3		2		5
3	7	1		5		
4			2		9	6
		6	3	8		
			4	2	6	7
	3					8
			7		5	1
						2

## MIDLUNGS

				4	6	9	3		
6	8			5					4
			1				5		
7	2		6				4		
5	6	8	9				1		
				1	2		8		
4					5				1
8		7					6		
			4	9			7		

## PUNG

		7				1		8	
5	8						9		1
			2	3					
4	5								1
			3		9	7	2		
	3	6		2				9	
	9			4			3		
		8							

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- girnd
- ról
- átt
- morkna
- ekki
- of lítið
- skipti
- þjálfun
- græðari
- særa

### LÓDRÉTT

- drykkur
- kk nafn
- sjáðu
- út
- svelta
- þræða
- svall
- fugl
- sprikl

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. losti, 2. ólí, 3. af, 4. þú, 5. átt, 6. þú, 7. sá, 8. þú, 9. þú, 10. þú, 11. þú, 12. þú, 13. þú, 14. þú, 15. þú, 16. þú, 17. þú.  
LÓDRÉTT: 1. drykkur, 2. kk nafn, 3. sjáðu, 4. út, 5. svelta, 6. þræða, 7. svall, 8. fugl, 9. sprikl.

## Skák Gunnar Björnsson

Hannes Hlífar Stefánsson (2.558) átti leik gegn Bas van de Plassche (2.376) á GAMMA Reykjavíkurskáknotinu.



43. Hxf5! c2 44. Bh5+ Kg8 45. Hg5+ Kf8 44. Rc7! 1-0. Getur ekki varist hótuninni 45. Re6#. Áttunda og næstsíðasta umferð hefst kl. 15. Skákskýringar hefjast kl. 17. [www.skak.is](http://www.skak.is): GAMMA Reykjavíkurskáknotið í Hörpu.

3	1	7	2	5	8	4	6	9
8	2	4	9	1	6	7	3	5
6	9	5	7	3	4	2	1	8
5	7	9	3	8	1	6	2	4
4	6	1	5	2	9	3	8	7
2	8	3	4	6	7	9	5	1
7	5	6	1	9	2	8	4	3
9	3	8	6	4	5	1	7	2
1	4	2	8	7	3	5	9	6


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pongus



Eftir Frøde Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**ALLIR ÚT AÐ HJÓLA**

Veldu öruggt start með **TUDOR**

**MEÐ TUDOR**

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

**SKORRI** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**

Bíldshóla 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is


Þú finnur draumastarfið á **Job.is**

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

# TANGABRYGGJA 13-15

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 15.APRÍL FRÁ KL. 17:00-17:30

FULLBÚNAR ÍBÚÐIR MEÐ GÓLFEFNUM, ÍSSKÁP OG UPPÞVOTTAVÉL



ÍBÚÐ 501 | 151,6 m<sup>2</sup>

ÍBÚÐ 105 | 94,6 m<sup>2</sup>

TVÆR ÍBÚÐIR EITT VERÐ - 79.8 mkr


3 HERB. ÍBÚÐ - 47.9 mkr

AÐEINS 11 ÍBÚÐIR EFTIR

# ÁLALÆKUR 13-15

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 16.APRÍL FRÁ KL. 17:00-18:00

FULLBÚNAR ÍBÚÐIR MEÐ GÓLFEFNUM, ÍSSKÁP OG UPPÞVOTTAVÉL



ÍBÚÐ 104 & 204

5 HERB. ÍBÚÐIR  
FRÁ 38.5 mkr.



ÍBÚÐ 102 | 88,6 m<sup>2</sup>

34.9 mkr.



ÍBÚÐ 204 | 98,8 m<sup>2</sup>

36.5 mkr.



HÖFÐABORG  
FASTEIGNASALA

HOFDABORG.IS

537 0300

ENGJATEIGUR 9



Kristín Skjaldardóttir  
Lögg. fasteignasali  
824 4031



Jóhanna Íris Sigurðardóttir  
Lögg. fasteignasali  
662 1166



Davíð Már Sigurðsson  
Markaðsstjóri

FRÍTT VERÐMAT





Þorgerður Agla, hönnuðurinn Snæfríð og María Rán geta ekki verið annað en ánægðar með viðtökur lesenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sögur frá ólíkum menningarheimum

**Glæpur við fæðingu eftir Trevor Noah kemur út hjá bókaforlaginu Angústúru. Er í metnaðarfullri þýðingaritröð Bækur í áskrift. Fjórar bækur koma út á ári. Áskrifendur eru allt frá tvítugu fólki upp í nírrætt.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



**G**læpur við fæðingu eftir Trevor Noah er nýkomin út hjá bókaforlaginu Angústúru. Bókin kemur út í þýðingaritröðinni Bækur í áskrift og er sjöunda bókin sem kemur út í þeim flokki. Bókin hefur setið á metsölulista The New York Times frá því hún kom út árið 2016 og hefur henni meðal annars verið lýst sem ástarbréfi til einstakrar móður. Kvikmynd eftir bókinni er í bígert og mun Lupita Nyong'o framleiða hana með Noah og leika móður hans.

„Trevor Noah er þekktastur fyrir að stýra bandaríska sjónvarpsþættinum The Daily Show með beittum stjórnmálaskýringum. Hann er líka þekktur fyrir uppstand sitt. Hann er frá Suður-Afríku og titill bókarinnar vísar í það að tilvist hans var ólögleg á tímum aðskilnaðarstefunnar þar sem samband

móður hans og föður af ólíkum höndslit var refsivert. Móðir hans er Xhosa og faðir hans Svisslendur. Í bókinni segir hann frá uppvaxtar- og unglingsárum sínum í Suður-Afríku, bæði á tímum aðskilnaðarstefunnar og eftir að henni lauk,“ segir María Rán Guðjónsdóttir sem rekur Angústúru ásamt Þorgerði Öglu Magnúsdóttur. Þær stofnuðu bókaforlagið árið 2016 og fyrir einu og hálfu ári kom út fyrsta bókin í þýðingaritröðinni Bækur í áskrift.

## Sagan án skrauts

„Þýðingaröðin var nokkuð sem okkur langaði að gera alveg frá upphafi. Sumir sögðu við okkur að örugg leið til að tapa peningum væri að gefa út bókmenntaþýðingar. En okkur hefur tekist þetta, sérstaklega með því að bjóða upp á bækurnar í áskrift,“ segir María Rán.

„Það er töluvert þýtt af verkum yfir í íslensku en okkur langaði til að sjá fleiri bækur frá fjarlægari löndum og öðrum menningarheimum,“ segir Þorgerður Agla. „Þetta eru sterk bókmenntaverk og

**ÞETTA ERU STERK BÓKMENNTAVERK OG UM LEIÐ AÐGENGILEG, EKKERT TORF.**

Þorgerður Agla

um leið aðgengileg, ekkert torf.“

Vandað er til bókanna í ritröðinni bæði hvað varðar innihald og útlit.

Kiljurnar eru saumaðar og prentaðar á umhverfisvænan pappír. Snæfríð Þorsteins er hönnuður bókanna.

„Við hönnunina hafði ég í huga að búa til form sem gæti stækkað yfir í bókaflökk og þægilegt væri að eiga við. Ég vildi skapa sérstaka heild sem væri samt hægt að tengja yfir í mismunandi menningarheima. Á sama tíma langaði mig til að vísa í hið klassíska franska form þar sem sagan sjálf stendur án mikils skrauts,“ segir Snæfríð, en hún var

tilnefnd til Íslensku hönnunarverðlaunanna í fyrra fyrir hönnun sína á Bókum í áskrift.

## Fótanudd í pósti

Í ritröðinni koma út fjórar bækur á ári. Bækurnar eru seldar í bókabúðum en einnig í áskrift og þær stöllur segja að sífellt fjölgi í áskrifendahópnum. „Það er greinilegt að fólk vill fá sögur frá ólíkum menningarheimum.

Einhver sagði að það að fá bók frá okkur væri eins og að fá fótanudd í pósti,“ segir Þorgerður Agla. Þeim þykir athyglisvert að sjá að bækurnar höfðu til ólíkra aldurs- hópa, áskrifendur eru allt frá tvítugu fólki upp í nírrætt og sumir lesendur jafnvel á unglingsaldri. Ungt fólk virðist sérstaklega hrifin af hönnuninni.

„Við reynum að gera áskriftina persónulega, við handpökkum bókunum og sérhannað póstkort fylgir hverri bók. Við finnum að áskrifendur kunna vel að meta það og geyma jafnvel þakann óopnadan í nokkra daga uppi í hillu og dást að honum þar áður en þeir opna hann,“ segir María Rán. Snæfríð bætir við: „Þakinn er hluti af heildarhugsuninni í hönnuninni og á að gera bókina að glaðningi og skapa ánægjulega upplifun.“

Allir hafa gaman af því að fá pakka með póstinum og því tók



Trevor Noah.



Glæpur við fæðingu hefur setið á metsölulista The New York Times frá útkomu.

Angústúra nú nýlega upp á því að bjóða einnig barnabækur í áskrift, íslenskar og þýddar bækur fyrir lesendur á aldrinum 9-13 ára.

Glæpur við fæðingu er fyrsta bókin af fjórum sem koma út í þýðingaritröðinni þetta árið. Meðal þeirra bóka sem lesendur eiga von á er ein eftir Xiaolu Guo en bók hennar Einu sinni var í austri kom út í fyrra og vakti mikla athygli.



## GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17:19 NÁNAR Á BIOPARADÍS.IS

Everybody Knows (ICE SUB)	17:30	Mug // Twarz (ICE SUB)	20:00
Capernaum (ICE SUB)	17:30	Girl (ICE SUB)	22:00
Free Solo (ENGLISH - NO SUB)	18:00	Taka 5 // Take 5 (ENG SUB)	22:00
Girl (ENG SUB)	20:00	Everybody Knows (ICE SUB)	22:15



 **Stilling**

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**



**Rafgeymar**



**Smursiur**



*Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar*



*Tímareimar og vatnsdælur*



**Kúplingar**



*Demparar, gormar og stýrisendar*

**Hemlahlutir**




 **Stilling**  
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



# Páskahám Rúv



Úrvals sjónvarpsseríur í spilara RÚV til að njóta um páskana.

Íslenskar leiknar þáttaraðir, vandaðar norrænar og evrópskar þáttaraðir, heimildarmyndir, barna- og unglingaefni, menningarefni og margt fleira.

Þú finnur spilara RÚV á RÚV.is eða í RÚV-appinu.



okkar allra

# DAGSKRÁ

## Mánudagur

### RÚV SJÓNVARP

- 08.00 KrakkaRÚV
- 08.01 Begga og Fress
- 08.13 Rán og Sævar
- 08.24 Úmisúmi
- 08.47 Hæ Sámur
- 08.54 Hróturinn Hreinn
- 09.01 Alvinn og íkornarnir
- 09.12 Djúpið
- 09.33 Lóa
- 09.46 Ernest og Célestine
- 09.59 Minnsti maður í heimi
- 10.00 Algjör Sveppi og Góibjargar málunum Sjónvarpsþættir gerðir eftir samnefndri kvikmynd. Vinirnir Sveppi og Villi komast að því að erkióvinur þeirra hyggur enn á landsyfírráð og hefur í þetta sinn byggt ægilega dómsdagsvél. Ekkert annað er í stöðunni en að stöðva þessi illu áform og bjarga málunum. Aðalhlutverk: Sverrir Þór Sverrisson, Guðjón Davíð Karlsson og Vilhelm Anton Jónsson. Leikstjórn: Bragi Þór Hinriksson. e.
- 10.35 Fótboltasníllingar
- 11.05 Basl er búskapur
- 11.35 Brautryðjendur
- 12.00 Ítalskar borgarperlur: Undir yfirborðinu – Napólí
- 12.55 Útsvar 2013-2014
- 14.05 92 á stöðinni
- 14.25 Maður er nefndur
- 14.55 Út og suður
- 15.20 Af fingrum fram
- 16.05 Hvað höfum við gert?
- 16.45 Silfrið
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lalli
- 18.08 Simon
- 18.13 Refurinn Pablo
- 18.17 Klaufabárðarnir Í þessum klassísku brúðupáttum standa þeir Patti og Matti frammi fyrir alls konar erfiðum verkefnum sem reyna á útsjónarsemi og verklag, sem er því miður ekki til staðar. Klaufabárðarnir litu fyrst dagsins ljós árið 1976 og hafa skemmt íslenskum fjölskyldum í áraraðir.
- 18.26 Ronja ræningjadóttir
- 18.50 Krakkafréttir
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin
- 20.05 Joanna Lumley í Japan Heimildarþáttaröð í þremur hlutum frá BBC þar sem breska leikkonan Joanna Lumley ferðast yfir Japan frá norðri til suðurs og kynnist menningu landsins og fólkinu sem býr þar.
- 21.05 Yfirheyrslan Bresk glæpamynd byggð á sönnunum atburðum. Árið 1999 var bóndinn Tony Martin handtekinn fyrir að skjóta innbrotspjófa á heimili sínu. Annar innbrotspjófanna lést af sárum sínum og segir myndin frá þriggja daga yfirheyrslum lögreglunnar. Leikstjóri: David Nath. Aðalhlutverk: Steve Pemberton, Daniel Mays og Stuart Graham. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Á norrænum nótum
- 23.50 Kastljós
- 00.05 Menningin
- 00.15 Dagskrárlök

### GOLFSTÖÐIN

- 08.20 2019 Augusta Masters
- 12.50 2018 Playoffs Official Film
- 13.40 Golfing World 2019
- 14.30 2019 Augusta Masters
- 19.00 2019 Augusta Masters

### ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

### SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Tonight Show
- 09.30 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 The King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.45 Will & Grace
- 14.10 Crazy Ex-Girlfriend
- 14.55 Ally McBeal
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Tonight Show
- 19.00 The Late Late Show
- 19.45 The Good Place
- 20.10 Top Chef
- 21.00 Hawaii Five-0
- 21.50 Blue Bloods
- 22.35 Shades of Blue
- 23.20 The Tonight Show
- 00.05 The Late Late Show
- 00.50 NCIS
- 01.35 NCIS: New Orleans
- 02.20 FBI
- 03.05 The Gifted
- 03.50 Salvation
- 04.35 Síminn + Spotify

### RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Flugur
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Til allra átta
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Japan, land hinnar risandi sólar
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Háttalarinn
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Útlit Krakka RÚV
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Alþjóðlegt orgelsumar Hallgrímskirkju I
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.30 Kvöldsgagan: Plágan
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Passíusálmur
- 22.15 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

### STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.55 Cry Baby
- 12.20 Sundays at Tiffanys
- 13.50 Diary of A Wimpy Kid
- 15.25 Cry Baby
- 16.55 Sundays at Tiffanys
- 18.25 Diary of A Wimpy Kid
- 20.00 Harry Potter and the Philosopher's Stone
- 22.35 Spider-Man: Homecoming
- 00.50 Batman Begins
- 03.10 Harry Potter and the Philosopher's Stone

### STÖÐ 2

- 07.00 The Simpsons
- 07.25 Friends
- 07.50 Gilmore Girls
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 The Goldbergs
- 10.00 I Own Australia's Best Home
- 10.55 Great News
- 11.20 Hvar er best að búa
- 11.55 Landnemarnir
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X Factor 2017
- 13.45 The X Factor 2017
- 14.40 The X Factor 2017
- 15.30 Seinfeld
- 15.50 Seinfeld
- 16.15 Mom
- 16.40 The Big Bang Theory
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 Ellen
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Sportpakinn
- 19.20 Veður
- 19.25 Kevin Can Wait
- 19.45 The Mindy Project
- 20.10 God Friended Me
- 20.55 Game of Thrones
- 22.00 Tin Star
- 22.45 S.W.A.T.
- 23.30 60 Minutes
- 00.15 The Village
- 01.00 The Enemy Within
- 01.45 Strike Back
- 02.35 Nashville
- 03.20 Nashville
- 04.05 StartUp
- 04.50 StartUp

### STÖÐ 3

- 19.10 Last Man On Earth
- 19.35 The Simpsons
- 20.00 Seinfeld
- 20.25 Friends
- 20.50 Who Do You Think You Are?
- 21.50 Claws
- 22.35 Legends of Tomorrow
- 23.20 Supernatural
- 00.05 The Simpsons
- 00.30 Last Man On Earth
- 00.55 Seinfeld
- 01.20 Tónlist

### STÖÐ 2 SPORT

- 07.25 Wigan - Norwich
- 09.05 Formúla 1: Kína - Keppni
- 11.25 Tottenham - Huddersfield
- 13.05 Crystal Palace - Man. City
- 14.45 Liverpool - Chelsea
- 16.25 Messan
- 17.30 Evrópuð. - fréttap. 18/19
- 18.00 Þór Þorl. - KR: Leikur 4
- 20.15 ÍR - Stjarnan: Leikur 4
- 22.00 Domino's körfuboltakv. kk
- 22.50 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur 2018/2019
- 23.15 Leganes - Real Madrid

### STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.50 Girona - Villarreal
- 09.30 Valencia - Levante
- 11.10 Leeds - Sheff. Wednesday
- 12.50 Stjarnan - ÍR: Leikur 3
- 14.30 Frosinone - Inter Milan
- 16.10 Chievo - Napoli
- 17.50 Ítölsku mörkin 2018/2019
- 18.20 Spænsku mörkin 18/19
- 18.50 Watford - Arsenal
- 21.00 Football League Show 18/19
- 21.30 Evrópuð. - fréttap. 18/19
- 22.00 Sampdoria - Genoa
- 23.40 Þór Þorl. - KR: Leikur 4

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útlit Saga
- FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

AFMÆLISAFSLÁTTUR ALLAN APRÍL

30%

AF ÖLLUM  
VÖRUM  
... OG MEIRA  
AF SUMUM



SUPPORT

LISTAVERÐ 38.900 KR.

NÚ 27.230 KR.



HEADPOINT

LISTAVERÐ 79.900 KR.

NÚ 49.900 KR.



W3

LISTAVERÐ 84.900 KR.

NÚ 42.450 KR.



RAFMAGNSFÆTUR

LISTAVERÐ 68.500 KR.

NÚ 47.950 KR.



ATHENA

LISTAVERÐ 73.900 KR.

NÚ 36.950 KR.



CAFÉ VII

LISTAVERÐ 27.900 KR.

NÚ 14.900 KR.

SVARTUR/HVÍTUR Á GRÁUM FÓTUM

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

# Veita gömlum spænskum húsum ást

Hjónin **Birta Björnsdóttir** og Jón Páll Halldórsson fluttu ásamt börnunum sínum tveimur til Spánar 2012 og hafa einbeitt sér að því að gera upp gömul hús þar í landi.

Við höfðum hugsað þetta í mörg ár, að fara á vit ævintýrana eitthvert í betra veður. Svo komu börnin og við vorum með tvö fyrirtæki heima sem gengu vel og aldrei virtist vera rétti tíminn. Einn daginn ákváðum við svo bara að drífa í þessu og pökkuðum saman húsi og fyrirtæki,“ útskýrir Birta og segir þau lítið hafa vitað um hvað beid þeirra í nýju lífi. Barcelona varð fyrir valinu og bjuggu þau í borginni fyrsta árið en bauðst svo hús til leigu rétt fyrir utan hana. Húsið var umkringt skógi og náttúru og fannst þeim það henta börnunum betur en borgarlífið og svo fór að þau festu kaup á húsi í sama hverfi. Börnin eru orðin altalandi bæði á katalönsku og spænsku og fjölskyldan hefur eignast marga vini. „Lífið hér er mikið utandyra, veislur og matarboð eru utandyra stærstan hluta ársins og börnin alltaf með á slíkum mannamótum.“ Birta segist þó oft sakna Íslands, ekki sist þegar kemur að tungumálinu.

Húsið sem Birta og Jón Páll festu kaup á fyrir tveimur árum hafði staðið autt án viðhalds lengi vel. „Við þurftum að vinna okkur í gegnum kóngulóarvefina og vaða í metraháum stráum til að komast að innganginum. Þetta hús hafði samt svo marga kosti. Það stendur hæst á fjallinu með mikið útsýni í allar áttir og tengingin við garðinn er okkur mjög mikilvæg.“ En nú að tveimur árum liðnum er framkvæmdum við húsið að mestu lokið.

## Draumurinn varð að veruleika

Birtu hafði lengi dreymt um að gera áhugamálið að atvinnu, að kaupa gömul og illa farin hús, gefa þeim nýtt líf og selja svo aftur. Draumur hennar varð að veruleika fyrir tilstilli kunningjahjóna þeirra, Davíds Mássonar og Lilju Einarsdóttur. „Davíð og Lilja eru miklir heimshornaflakkarar og fannst spennandi að taka þátt í þessari hugmynd. Stærsta áskorunin við að fara í svona lagað á Spáni er að láta ekki svindla á sér, það er alveg lygilegt hvað er reynt og þrátt fyrir að maður sé á varðbergi með belti og axlabönd er alltaf eitthvað sem manni sést yfir,“ segir Birta en bendir á að þau hjón búi að því að vera búin að byggja upp góð sambönd.

Eftir langa og mikla leit að hinu eina rétta húsi til að gera upp og selja, festi hópurinn kaup á húsi í um fimm mínútna akstursfjarlægð frá hinum margrómaða strandbæ Sitges. „Við fengum húsið afhent fyrir um tveimur mánuðum og markmiðið er að það verði komið á sölu fyrir sumarið. Í húsinu eru þrjár íbúðir sem við ætlum að sameina í eina eign. Húsið verður nánast gert fohelt og stillinn sem



Fyrir sjö árum fluttu hjónin Birta og Jón Páll með börn sín tvö til Spánar.



Birta og Jón Páll hanna allt sjálf og höfðu baðherbergið í rómantískum stíl.

við munum fara í að þessu sinni er svona módern/rústík. Með þægindi og hreinleika en mikla sál.“

## Vinna saman alla daga

Birta segir þau hjón mjög spennt fyrir þessu verkefni en eftir tveggja áratuga samband vinni þau saman alla daga. „Við erum

nú í drullugallanum nánast alla daga og meðal annars að henda út gömlu drasli frá fyrri eiganda, en þessu húsi hefur ekki verið sinnt af ást lengi, það var í raun algert ógeð. Við biðum nú ólm eftir því að fá að byrja að fegra og byggja upp eftir að allur grunnur er kominn. Þegar það verður til-



Hús fjölskyldunnar stendur hæst á fjalli með mikið útsýni í allar áttir og segir Birta tenginguna við garðinn hafa verið þeim afar mikilvæga.



Eldhúsið má svo sannarlega segja að sé hjarta heimilisins.



Þegar þau fengu hús fjölskyldunnar afhent þurftu þau að vaða í gegnum kóngulóarvefi og metrahá strá til þess að komast að innganginum.

**LÍFIÐ HÉR ER MIKID UTANDYRA, VEISLUR OG MATARBOÐ ERU UTANDYRA STÆRSTAN HLUTA ÁRSINS OG BÖRNIN ALLTAF MEÐ Á SLÍKUM MANNAMÓTUM.**

búið verður það æði,“ segir Birta spennt. Birta segir húsið einnig verða auglýst á Íslandi ef einhver skyldi hafa áhuga á því að festa kaup á húsi á Spáni.

Áhugasamir geta fylgst með verkefninu á Instagram-síðunum: @birta\_and\_masson og @birta\_art\_living. bjork@frettabladid.is

# Proclaimers-bræðurnir kipptu sér ekki upp við íslenska rokið

Skosku Proclaimers-tvíburarnir, Charlie og Craig Reid, voru eldhressir þegar þeir lentu í Keflavík síðdegis í gær og létu sér hvergi bregða við hávaðarokið sem tók á móti þeim. „Mér sýnist þetta nú allt saman bara vera mjög svipað og í Skotlandi,“ sagði Craig Reid um veðrið og það litla sem hann hafði séð af Íslandi þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.



Craig Reid og Charlie, bróðir hans, kipptu sér ekki upp við rokið í Reykjavík í gær enda minnti veðrið og umhverfið allt þá á heimahagana í Skotlandi.

til Íslendinga sem eins og frægt er orðið komu The Proclaimers, fyrstir allra þjóða, í efsta sæti vinsældalista fyrir rétt rúmum þremur áratugum.

„Við gleymum þessu ekki. Ég er nýbúinn að leiðrétta Ástrala sem ég hitti og sagði mér að við hefðum fyrst komist á toppinn þar. Ég benti honum á að Ísland hefði verið fyrst, síðan Nýja-Sjáland og að Ástralía hefði verið þriðja landið þar sem I'm gonna be hefði komist á toppinn.“

Craig sagðist jafnframt vonast til að sjá sem flesta sem áttu þátt í vinsældum þeirra á Íslandi á tónleikunum í Hörpu í kvöld enda löngu tímabært að þeir láti sjá sig hérna.

Tónleikarnir í Hörpu marka upphaf tónleikaferðar þeirra þetta árið og þeir fljúga aftur heim til Edinborgar á þriðjudaginn og síðan er stefnan tekin á Dúbaí og þaðan til Singapúr og svo áfram til Nýja-Sjálands og Ástralíu, landanna sem meðtöku snilli þeirra á eftir Íslendingum. – þþ



Fornar hetjur og nýjar kempur standa þétt saman. Ef þetta kallar ekki fram gæsa húð gerir það ekkert.

## Gæsa húð utan úr geimnum

Titringurinn í Mættinum var slíkur á föstudaginn að hann mældist á jarðskjálftamælum þegar milljónir Stjörnustríðs-aðdáenda hrópuðu upp yfir sig í fögnuði, undrun og hrifningu yfir fyrstu stíklunni úr næstu Star Wars-mynd birtist á netinu síðdegis.



Svarthöfði virðist ekki alveg hafa gert út af við keisarann illa í The Return of the Jedi og hlátur þessa sótrafts bergmálar í lok stíklunnar.

Þótt þetta stutta myndbrot gefi vitaskuld ekki mikið upp um innihald 9. kafla í sögu Geimengla-fjölskyldunnar sem hófst með Star Wars 1977 gefur það fögur fyrirheit um heilmikla dramatík. Viðbrögð einlægra íslenskra aðdáenda Stjörnustríðsanna í Facebook-hópnum Stjörnustríðs <3 segir í raun eiginlega allt sem segja þarf um spennuna og það mikla róti sem svona örliðið myndskeld kemur á tilfinningar innviðra og innmúraðra. Að ekki sé talað um allar spurningarnar sem vakna.



Lando er aftur kominn í Fálkann. Því fagna allir góðir norðar.

„Búinn að horfa á trailerinn núna 4 sinnum. Ég er enn með gæsa húð. Hún fer sennilega ekki fyrr en á næsta ári einhverntíma!“

„Einmitt. Þjóst ekki við gæsa húð sjálfur en jújú hún kom strax og trailerinn byrjaði.“

„Þetta var svakalegt – svipuð upplifun og þegar ég sá teaserinn fyrir sjóuna... þegar Lando hló, maður lifandi!“

„Fór allt í einu að hlakka mikið til jóla!“

„Þetta var tjúlað. Opnunartriðið geðveikt og loka atriðið forvitnilegt.“

„Fallegasti trailer sem ég hef á ævinni séð! Ef þetta er ekki teaser þá veit eg ekki hvað.“

# PÁSKATILBOÐ

## FRÁBÆR TILBOÐ Á SPENNANDI GRÆJUM



**PÁSKA TILBOÐ**  
VERÐ AÐUR 29.990

**24" LED FHD**  
Black eQualizer og 1ms

**ZOWIE RL2455s**  
Leikjaskjár með Black eQualizer tækni svo þú sjáir „Camperana“ sem fela sig í myrkrinu.)

**24.990**  
FHD leikjaskjár með 1ms viðbragðstíma



**PÁSKA TILBOÐ**  
VERÐ AÐUR 119.990

**27" 165Hz QHD**  
IPS 2560x1440, NVIDIA G-SYNC

**27" PREDATOR**  
Þetta er toppurinn í leikjaskjám frá Acer með ZeroFrame immersive ramma og G-SYNC tækni

**99.990**  
Sérhannaður 165Hz (OC) IPS leikjaskjár



**PÁSKA TILBOÐ**  
VERÐ AÐUR 219.990

**GTX 1060**  
6GB VR Ready leikjaskjarkort  
**Intel i5 8300H**  
4.0GHz Turbo Quad Core  
**8GB minni**  
DDR4 2666MHz  
**512GB SSD**  
NVMe diskur

**ACER NITRO 5**  
Ný og óflugri kynslóð með 144Hz leikjaskjá, baklýstu lykklaborði og VR Ready leikjaskjarkorti

**199.990**  
Carbon Fiber laser skel og 144Hz leikjaskjár!



**PÁSKA TILBOÐ**  
VERÐ AÐUR 169.990

**GTX 1050 Ti**  
4GB VR Ready leikjaskjarkort  
**Intel i5 8400**  
6 kjarna 4.0GHz Turbo  
**8GB minni**  
DDR4 2666MHz  
**250GB SSD**  
NVMe diskur

**ACER NITRO**  
6 kjarna Intel örgjörvi og GTX1050Ti leikjaskjarkort

**129.990**



**3 GERÐIR**

**PÁSKA TILBOÐ**  
VERÐ AÐUR 4.990

**RETRO LEIKJATÖLVA**  
Með þrjálausum stýri-pinna, tengist í HDMI!

**3.490**



**PÁSKA TILBOÐ**  
VERÐ AÐUR 16.990

**PÁSKAEGG FYLGIR ÖLLUM BROTHER PRENTURUM TIL PÁSKA**

**brother**

**DCP-J572DW WIFI**  
Prentari m/ 4 sparneytin hylki, skanni og ljósritun

**14.990**



**PÁSKA TILBOÐ**  
VERÐ AÐUR 39.990

**PS4 VR GLERAUGU**  
Með VR Worlds leik og VR myndavél

**34.990**



**PÁSKA TILBOÐ**  
VERÐ AÐUR 9.990

**ÞRÁÐLAUS PAXO**  
Þrjálaus Noise Cancelling heyrnartól

**6.990**



**PÁSKA TILBOÐ**  
VERÐ AÐUR 16.990

**NOKIA 1 SÍMI**  
Með tvær HDR myndavélar á frábæru verði

**12.990**



**PÁSKA TILBOÐ**  
VERÐ AÐUR 1.990

**SKEGG SVUNTA**  
Hirðir alla skeggbrodda og allir happy!)

**995**




**GJAFABRÉF**  
Gefðu gjafabréf, það klikkar aldrei!)

**SNILLD!**

SENDUM FRÍTT Um land allt allar vörur allt að 10 kg.




Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900  
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



# PÁSKA TAX FREE

Allar vörur á taxfree tilboði\*



\* Taxfree tilboðið gildir á öllum vörum nema frá Skovby og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



Vilhelm Anton Jónsson, sjálfur Villi naglbítur, gaf ekkert eftir á tónleikunum frekar en Már sem naut sín í botn.

## Heillandi fuglasöngur kallaði fram gæsa húð

Tónlistarmaðurinn ungi **Már Gunnarsson** töfraði fram gæsa húð og gleði ásamt einvala liði tónlistarfólks á útgáfutónleikum sínum í smekktfullri Hljómahöllinni í Reykjanessbæ á föstudagskvöld.

Þetta var ótrúleg upplifun og ég naut mín algerlega í botn alveg frá því ég steig á sviðið og þangað til tónleikunum lauk," segir blindi tónlistarmaðurinn ungi Már Gunnarsson sem fylgdi sinni fyrstu sólóplötu, Söng fuglsins, í Hljómahöllinni, gamla Stapa, á föstudagskvöld.

„Ég er búinn að vera að undirbúa þetta svo lengi og finnst ótrúlegt að hafa loksins náð þessum áfanga og á meðan ég var að þessu datt mér aldrei í hug að þetta gæti orðið svona stórt," segir Már sem heillaði salinn með því sem hann kallar einvala lið pólsks og íslensks tónlistarfólks.

„Þetta var ótrúleg frammistaða hjá öllum höpnum og ógleymanlegt að upplifa andann í fullum Stapnum með þessu frábæra fólki sem kom að tónleikunum. Ég er búinn að fá fjöldann allan af símtölum og póstum frá fólki sem ég þekki ekki neitt sem er að þakka fyrir frammi-stöðu Mús og þeirra sem voru með honum í þessu," segir Gunnar Már Másson, faðir tónlistarmannsins unga.

Platan Söngur fuglsins var tekin upp í upp í Póllandi, undir stjórn eins virtasta útsetjara landsins, Hadrian Tabecki. „Ég kynntist honum 2017 þegar ég fór til Kraká að keppa í alþjóðlegri söngvakeppni blindra," segir Már sem hafnaði þar í 3. sæti. Í fyrRASUMAR fór hann aftur til Póllands þar sem hann söng á stærstu göðgerðartónleikum landsins.

„Þar voru 16.000 manns í húsinu," segir Már sem bað Tabecki, eftir þessi ævintýri, um að útsetja fyrstu plötuna sína sem var síðan tekin upp í Póllandi með undirleik pólsku tónlistarmannanna sem voru með



Tónlistarmaðurinn ungi, Már Gunnarsson, með pabba sínum, Gunnari Már Mássyni, sem mátti vart mæla af stolti að tónleikunum loknum.

Má á sviðinu í Hljómahöllinni á föstudagskvöld.

„Ég hefði ekki getað verið með betri hljómsveit. Þetta er einvala lið sem ég kynntist í gegnum þetta ævintýri og ég vona að samstarf okkar sé rétt að byrja." Þá er ónefnd söngkonan Natalia Przybycz sem er stórstjarna í Póllandi og tróð upp með Má á tónleikunum.

„Það vita allir í Póllandi hver hún er og hún er svo fræg og vinsæl að mér datt ekki í hug að biðja hana um að koma og syngja á Íslandi," segir Már. „En þegar hún frétti að hljómsveitin væri á leiðinni til Íslands bað hún um að fá að koma líka. Það er ótrúlegt að hún skuli hafa viljað gera þetta og hún sýnir mér mikinn sóma með þessu."

„Ég er óendanlega stoltur af drengnum og hann sýndi þarna í verki hvað í honum býr hvernig hann stóðst allt álagið í kringum tónleikana. Skipulagningin og öll vinnan sem hann er búinn að leggja

í þetta gekk upp 100%. Og það gefur því lík fyrirheit um bjarta framtíð að sjá hann þarna á sviði, sveiðkaldan og ná upp þessari ótrúlegu stemningu sem myndaðist í salnum," segir stoltur faðirinn.

Íslenska tónlistarfólkið sem steig á svið með Má á útgáfutónleikunum er heldur ekki af verri endanum en þar á meðal voru Villi naglbítur, Ívar Daniels, Guðjón Steinn Skúlason og systir hans, Ísold Wilberg. „Þannig að þetta er pólskt-íslenskt samstarf sem ég vona að framhald verði á og ég stefni bara á að styrkja sambönd mín við allt þetta yndislega fólk."

Lögin á plötunni Söngur fuglsins eru fjórtán talsins og Már segir fjölbreytnina slíka að platan nái yfir rokk, popp, rapp, kántrí, latínó og instrúmental tónlist. „Platan verður að sjálfsögðu á netinu, Spotify og öllu þessu en þeir sem vilja eignast hana á disk geta bara sett sig í samband við mig persónulega, á Facebook til dæmis." [thorarinna@frettabladid.is](mailto:thorarinna@frettabladid.is)

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir [johannahelga@frettabladid.is](mailto:johannahelga@frettabladid.is) ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Guðaf Bjarnason [guðaf@frettabladid.is](mailto:guðaf@frettabladid.is), Hjördis Zoëga Hjördis [hjordis@frettabladid.is](mailto:hjordis@frettabladid.is), Sigríður Órn Einarsson [sigrifus@frettabladid.is](mailto:sigrifus@frettabladid.is), Svava Ó'Brien [svava@frettabladid.is](mailto:svava@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@frettabladid.is](mailto:orn.geirsson@frettabladid.is) FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann [atli@frettabladid.is](mailto:atli@frettabladid.is), Arnar Magnússon [arnar@frettabladid.is](mailto:arnar@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is) FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Benedikt Boas Hinriksson [benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is) RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), Viðar Ingi Pétursson [vidar@frettabladid.is](mailto:vidar@frettabladid.is) ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550 5055: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is), Guðrún Inga Grétarsdóttir [guðruninga@frettabladid.is](mailto:guðruninga@frettabladid.is)

**HÚSGAGNA  
HÖLLIN**

[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)

Sími: 558 1100

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA



## GÓU PÁSKA EGG

GÓU EGG NR. 5 450G

1349kr.

APPOLO LAKKRÍS EGG NR. 4 325G

1099kr.

APPOLO FYLLT LAKKRÍS EGG NR 5 450G

1329kr.

APPOLO FYLLT PIPAR LAKKRÍS EGG NR 5 450G

1829kr.

GÓU HRAUNEGG 460G NR. 5 1/2

1609kr.



## NÓI PÁSKA EGG

NÓI PÁSKAEGG NR.4 325G

1519kr.

NÓI PÁSKAEGG NR.5 460G

2399kr.

NÓI PÁSKAEGG NR.6 585G

2999kr.

NÓA KROPP PÁSKAEGG 530G

2429kr.

NÓA PIPARKROPP PÁSKAEGG 500G

2429kr.



## FREYJU PÁSKA EGG

FREYJU RÍSEGG NR.9

2199kr.

FREYJU DRAUMAEGG NR.9

2249kr.

FREYJU RÍSEGG MEÐ SALT KARAMELLU NR.9

2249kr.

FREYJU STERKT DJÚPUEGG NR.9

2249kr.

FREYJU DJÚPUEGG NR.9

2249kr.

## 2x VERÐVERND Á PÁSKAEGGJUM

Ef þú kaupir íslenskt páskaegg á betra verði en í SUPER1 frá 15. apríl - 21. apríl, komdu þá í næstu SUPER1 verslun með eggjöð og kvittunina og við endurgreiðum mismuninn tvöfalt!



### SUPER 1

HALLVEIGARSTÍG 1  
OPIÐ 10 - 22



### SUPER 1

FAXAFENI 14  
OPIÐ 10 - 22



### SUPER 1

SMIÐJUVEGI 2  
OPIÐ 10 - 22

HALLVEIGARSTÍG 1 - FAXAFENI 14 - SMIÐJUVEGI 2





## BAKÞANKAR

Guðmundar  
Brynjólfssonar



## Kyrravika

Fjöldamargir breiddu klæði sín á veginn en aðrir hjuggu greinar af trjánum og lögðu á veginn.“ (Mt 21:8)

Er það nákvæmlega þarna sem kyrravika hefst? Í ókyrrð þeirri er skapast þegar Jesús riður inn í Jerúsalem og fólkið fagnar honum. Svo sem lýst er.

Þær greinar sem þarna eru afhoggnar hvern pálmansunnudag þroskast í kyrrð þessarar viku og rísa svo upp áður en sjálfur frelsarinn rís upp frá dauðum, rísa upp sem krossstréð þar sem hann gefur upp öndina. Pálmarnir sem fólkið stendur með í höndunum og kastar frá sér Jesú til dýrðar verða að aftökutæki. Vítisvél.

Þetta er ljót mynd. En þannig er sagan. Og þegar sagan birtir okkur ljóta mynd er óvitlaust að róa sig aðeins og hugsa sinn gang; íhuga. Íhuga hvernig sama fólkið – að stórum hluta – gat umturnast í mógæsing og spennu mannlegra vélráða á nokkrum tugum klukkustunda, frá því að fagna með pálmagreinum yfir í að hrópa: „Krossfestu hann!“

Það var fólk sem hrópaði „krossfestu hann“, það var fólk sem krossfesti hann.

Þess vegna, kyrravika. Íhuga hvað?

Jú, til dæmis það fyrir hvað við lifum. Hvað við ræktum. Hvað við gerum með pálmann sem við stöndum með í höndunum dag hvern – eða ekki. Fyrir hvers fætur við köstum honum, eða fyrir hvers fætur við köstum okkur? Íhuga hvernig það hefur leikið okkur að trúa á menn.

Hugsa um djöfulskapinn sem mannskepnan hefur staðið að í gegnum tíðina, gegn mönnum jafnt sem náttúru. Um vítisvélarnar sem maðurinn hefur uppfundið. Um bölið sem við búum okkur til. Um það sem við gloprum út úr lúkunum, eyðileggjum, brjótum gegn. Íhugum allt það sem hrekur okkur út í það horn að spyrja:

Guð, því lætur þú þetta gerast?

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

**Kvikk**  
ON THE GO

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

TORTILLA  
OG GOS\*  
COMBO VERÐ:  
**499** KR.



\*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

**Kvikk**  
ON THE GO



Samsung  
Galaxy S10e  
128 GB

**119.990 kr.** stgr.

Kaupauki með  
Galaxy S10e:  
Gear fit pro 2 á  
**19.990 kr.** stgr.  
Fullt verð:  
**29.990 kr.** stgr.



Apple  
iPhone XR  
64 GB

**124.990 kr.** stgr.

Kaupauki með  
iPhone XR:  
Airpods á  
**15.990 kr.** stgr.  
Fullt verð:  
**25.990 kr.** stgr.

# Tímamótadót frá Nova!

Þú færð rafmagnað dót fyrir tímamótataækifæri hjá Nova. Græjaðu þig upp í næstu verslun Nova eða á nova.is!



**Nýtt!**

PLAYR  
Fótboltanemi - Æfingaskynjari

**29.990 kr.** stgr.

Vertu snjallari leikmaður!



**Heitt!**

Xiaomi  
Rafskúta

**68.990 kr.** stgr.

Verð áður **79.990 kr.** stgr.